

Hafsteinn fyrir dóm
í Bandaríkjunum

**Gekk í skrokk
á eiginkonunni**



**ÍSLENSKAR KONUR
SEM KJÓSA BARNLEYSI**



9. ÁGÚST 2019 / 32. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

**SPÁ DV FYRIR ENSKU
ÚRVALSDEILDINA**

ALBERT SVIPTI SIG LÍFI

■ Kerfið braut hann niður þar til hann gafst upp ■ „Ég vil bara fara, ég vil bara deyja“

Forríkur maður kemur Steinunni Ólínu til hjálpar

FLÓKIN FLÉTTA EGGERTS SKÚLA

■ Sakaður um skjalafals, svindl og pretti
■ Bláðamönnum hótað

POTTURINN STEFNIR Í

75 MILLJÓNIR

LEIKURINN OKKAR

Barnabílstólar í úrvali
RECARO
BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Síðustu orðin


„Auðvitað þekki ég þig. Þú ert eiginkona mín og ég elska þig.“

Þetta sagði bandaríski leikarinn John Wayne þegar hann sneri sér að eiginkonu sinni, skómmu áður en hann lést.

Á þessum degi, 9. ágúst



1173 — Bygging klukkuturns við dómkirkjuna í Písa hófst.



1945 — Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprengru á japönsku borgina Nagasaki.



1969 — Leikkonan Sharon Tate var myrt í útverfi Los Angeles af fylgjendum Charles Manson.



1974 — Afsögn Richards Nixon Bandaríkjaforseta gekk í gildi og Gerald Ford varafseti tók við.



2001 — Palestínudáur réðst á Sbarro-veitingastað í Jerúsalem og myrti 15 manns.

„Ég er ekki stoltur af þessu“

Hafsteinn Ingvar Rúnarsson bíður dóms í Kansas vegna ofbeldis gagnvart eiginkonu sinni

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Íslenskur karlmaður, Hafsteinn Ingvar Rúnarsson, 35 ára, bíður um þessar mundir dóms í Missouri-fylki í Bandaríkjunum vegna ofbeldis í garð eiginkonu sinnar (e. domestic assault 2nd degree). Hann er ákærður fyrir að hafa í tvígang ráðist á eiginkonu sína og valdið henni líkamsmeiðingum. Verði hann fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að sjö ára fangelsi.

Hafsteinn Ingvar er fyrrverandi knattspyrnumaður, en hann hefur spilað með liði Keflavíkur og Reyni, auk þess sem hann hefur spilað með Grindavík, Njarðvík og Víði. Hefur hann verið búsettur í Kansas undanfarin ár.

Þann 26. júlí síðastliðinn ákvað kviðdómur í Jackson-sýslu að gefa skyldi út ákæru á hendur Hafsteini. Hann er ákærður fyrir ofbeldi af annarri gráðu og er ákæran í tveimur liðum.

Rankaði við sér á jörðinni

Fram kemur í ákæru að þann 13. júní síðastliðinn „hafi hinn ákærði með ásettu ráði valdið fórnarlambinu líkamsmeiðingum með því að taka það kverkatak.“ Þá er Hafsteinn einnig ákærður fyrir að hafa valdið eiginkonu sinni líkamsmeiðingum með því að berja höfði hennar í glugga.

Brotin varða tveggja til sjö ára fangelsi.

Í lögregluskýrslu kemur fram að þann 13. júní síðastliðinn hafi borist tilkynning um átök á ónafngreindu bílplani í Kansas-borg. Þegar lögregla mætti á svæðið tilkynnti eiginkona Hafsteins að hann hefði beitt hana ofbeldi. Tjáði hún lögreglu að komið hefði til rifrildis á milli þeirra hjóna þar sem þau voru stödd á bílastæði á ónefndum stað í borginni. Sagðist hún hafa

rifið gleraugu Hafsteins af honum og hent þeim í burtu, þvert yfir bílastæðið. Sagði hún Hafstein hafa brugðist við með ofbeldi, en hún sagðist ekki muna restina af atburðarásinni. Sagðist hún muna eftir að hafa rankað við sér þar sem hún lá á jörðinni. Þá sagði hún Hafstein hafa ráðist aftur á hana stuttu síðar.

Öskur og læti

Fram kemur í lögregluskýrslunni að kona hafi verið vitni að árásinni. Umrædd kona tjáði lögreglu að hún hefði verið áleið heim úr vinnu þegar hún heyrði hávær öskur úr bíl á bílastæði. Sagðist hún hafa séð Hafstein sitja í ökuumansætinu, með báðar hendur utan um háls eiginkonunnar sem sat á jörðinni við hliðina á bílnum, ökumannsmegin. Konan sagðist hafa kallað í átt að Hafsteini sem hafi brugðist við með að sleppa kverkatakinu og setjast síðan í aftursæti bílsins. Eiginkona Hafsteins settist því næst í ökumannsætið og ók á brott. Vitnið sagðist hafa keyrt af stað og komið þá aftur að bílnum og þá heyrt öskur koma innan úr honum. Greip hún þá kúbein og gekk að bílnum þar sem hún sá Hafstein slá höfði eiginkonu sinnar í bílrúðuna, ökumannsmegin.

Undir áhrifum

Fram kemur lögregluskýrslunni að eiginkona Hafsteins hafi verið með mar á vinstra auga og að áverkar hafi verið á hálsi hennar, sem bendi til að hún hert hefði verið að hálsi hennar. Var Hafsteinn umsvifalaust handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Við yfirheyrslur sagði hann að komið hefði til rifrildis á milli þeirra hjóna vegna þess að eiginkona hans hefði verið að senda skilaboð á ónefndan einstakling. Hafsteinn sagðist hafa innbyrt áfengi og verið



Hafsteinn Ingvar Rúnarsson



drukinn þegar þetta átti sér stað. Þá kemur fram í skýrslunni að þegar Hafsteinn var spurður hvað hefði átt sér stað hefði hann svarað:

„Við vorum að ræða saman. Ég var reiður af því að ég var undir áhrifum. Einhverra hluta vegna þá hafði ég ekki stjórn á tilfinningum mínum og þetta *** gerðist. Ég er ekki stoltur af þessu.“

Samkvæmt opinberum gögnum var Hafsteinn Ingvar fluttur í Jackson County Detention Center en þar eru vistaðir fangar sem bíða dóms. ■



5 tilefni til skróðgöngu á Íslandi

Íslendingar eru góðir ýmsu en það ríkir aldeilis skortur á skróðgöngum og tilefnisgöngum. Á Gleðigöngu Hinsegin daga ríkir gleðin í hinni tærustu mynd, rétt eins og Druslugangan þar á undan kemur punkti sínum glæsilega til skila. Göngurnar búa yfir svo mikilli samstöðuorku að ómögulega komast sumir hjá því að velta fyrir sér hvaða önnur tilefni væri hægt að nýta til skróðgöngu.

Afmæli Wintrismálsins

Ísland fór á hliðina þegar kom í ljós að ákveðnir Íslendingar áttu í hlut í Panama-skjölunum alræmdu. Til að minna almenning á þennan skandal væri ekki svo galið að hefja skróðgöngu frá húsi Sigmundar Davíds og taka langa göngu upp að Alþingishúsi til að fagna mótmælunum sem áttu sér stað árið 2014. Æskilegt væri að dreifa um allar götur og klæðast felulitum, jafnvel huliðsskikkjum.



Hrunið

Það voru svo sannarlega mikil kaflaskil hér á landi í október 2008. Til að minnast þess ætti almenningur að ganga um götur með sparibauka, potta og pönnur og láta rækilega í sér í sér heyrna. Hentugasta nálgunin væri sennilega að ganga hring í kringum miðbæ Reykjavíkur, sem frekara tákn um að við gætum verið á góðri leið með að stefna í annað hrun.

Íslandsvinum fagnad

Fólk setur að sjálfsgöngu á sig sína flottustu gervimottu og fagnar lostanum eins og hann leggur sig og yfirburðum landans til að eignast nýja „Íslandsvini“ eins og þeir kallast. Í kringum sumarið 2002 kom hinn góðkunnni Ron Jeremy til Íslands. Þá þýðir vissulega ekkert annað en að landsmenn safnist saman með gervimottu framan í sér og söngli eitthvert þemalag í fagnadarskyni vegna viðfrægra Íslandsvina. Langsóttari hlutir hafa nú gerst.



Heilbrigðari lífsstíll

Nú í ár er heill áratugur liðinn síðan stórrisakæðjan McDonald's kvaddi Ísland og kom þannig landinu í ákveðna sérstöðu. Fólk á það til að grínast með að jafnvel þriðja heims lönd bjóði upp á sveittu McBogarana og sé þá Ísland komið langt undir þann stall. Þetta er alls ekki rétt. Þvert á móti eiga Íslendingar að sjá þetta sem tilefni til hollara mataræðis. Því ekki þá að þramma frá Suðurlandsbraut til Austurstrætis (þar sem matstaðirnir voru upphaflega til húsa) með blaðlauk og spergilkál við hönd? Hægt er að kyria: „Ísland og matur! Keðjuna McBurt!“

Jafnlaunavottunin

Þann 1. janúar 2018 tóku gildi lög um breytingu stöðu um jafnan launarétt karla og kvenna. Meginbreytingin var sú að nú er fyrirtækjum og stofnunum skylt að sýna fram á að þau greiði jöfn laun fyrir sömu og jafn verðmæt störf. Jafnlaunastaðallinn er svo sannarlega skref í réttu áttina og þótt nýársdagurinn sé ekki heppilegasti dagurinn til að rífa fólk á lappir og marsera með bros á vör, má vel vinna með þá hugmynd ef heitt kakó eða kaffi verður í boði.



POTTURINN STEFNIR Í

75

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR

Hver er hún?



■ Hún er fædd árið 1957.

■ Hún stundaði nám við Laugalækjarskóla og Verzló.

■ Eftir menntaskólaárin gerðist hún flugfreyja.

■ Hún hefur sungið í kántríhljóm-sveit og fjórum sinnum tekið þátt í undankeppni íslensku söngvakeppninnar.


■ Hún er þekkt fyrir ýmis barna- og jólalög.

SVAR: HELGA MÖLLER

Það er staðreynd að...



Það eru til fleiri en þrjátíu þúsund tegundir af rósum.



Ef þú þjáist af dentófóbíu stendur þér stuggur af tannlæknum.



Moskítóflugur eru með 47 tennur.



Að meðaltali gleypir hver manneskja þrjár köngulær á ári.



Japanski þjóðsöngurinn er elsti þjóðsöngur í heimi.

Hinsegin dagar settir með pomp og prakt

Hinsegin dagar standa nú yfir í Reykjavík en hátíðin fagnar 20 ára afmæli í ár. Að venju boðið upp á fjölda viðburða í boði á hverjum degi. Hápunkturinn er að sjálf-sögðu Gleðigangan fræga og úti-hátíð sem fer fram laugardaginn 17. ágúst næstkomandi.

Hátíðin var sett í gær þegar mál-aðar voru gleðirendur í miðborg Reykjavíkur. Regnbogi Hinsegin daga er að þessu sinni málaður á Klapparstíg á milli Laugavegar og Grettisgötu. Sá hluti Klapparstígs verður göngugata meðan á hátíðinni stendur og mun auk þess að fá hið nýja nafn Gleðigata.

Með því að mála regnboga á

þennan hluta Klapparstígs fær eitt hýrasta svæði borgarinnar loks verðskuldaðan regnboga en hinsegin næturlíf á sér ríflega 30 ára sögu á Laugavegi 22, sem stendur á horni Laugavegar og Klapparstígs.

Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður Hinsegin daga, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ávörpuðu setningargesti áður en málingarvinnan hófst. Ljósmyndari DV var á staðnum þegar setningarhöfnin fór fram í gær og fangaði stemninguna.

Upplýsingar um Hinsegin daga og viðburði næstu daga má finna á hinsegin dagar.is. ■



Myndir: Eybór Árnason



Argur á Hinsegin dögum

Svarthöfði

Svarthöfða hreinlega leiðist fordómafólk, þótt hann vilji taka sér það bessaleyfi að segjast vera sjálfur með grimma fordóma gagnvart fordómafólki. Hann er hreinlega kominn með upp í kok af fólki sem misbýður LGBT+ samfélagið og líferni þess.

Trans- eða hómófóbískt fólk finnst víða og finnst mörgum hreinn viðbjóður að hugsa til kynleiðréttinga eða samræðis samkynhneigðra - svo mikið að enn eru óskiljanlega framdir glæpir gegn hópum að tilefnislausu árið 2019!

Þarna vaknar eingöngu upp sú gamla spurning: Hvern er verið að særa? Hvernig hefur það áhrif á þinn dag, þinn heimavöll eða þína tilvist?

Tökum Rússland sem dæmi. Það var ekki fyrr en árið 1993 að samkynhneigð var afglæpavædd þar, en ofsóknir gegn hópum eru

enn afar ríkjandi og fordómar gríðarlegir. Þú kennir auðvitað ekki gömlum hundi að sitja, en ef þú getur ekki kennt honum að halda kjafti, þarf þá því miður að svæfa hann.

Svarthöfði leyfir að vísu ekki kyni að skilgreina sig, en á móti er hann í engri aðstöðu til þess að setja út á hátterni annarra þegar hann er sjálfur umlukinn svörtum glansfatnaði af lífsnauðsyn og hrukkótt, miðaldra mannfýla undir yfirborðinu. En hann þekkir sínar mannfýlur úr fjarska og veit vel hvenær sótt er í að dreifa hatri og bulli og afsaka það sem leið til að hlífa börnunum undan einhverju meintu afbrigðilegu „normi“ í samfélaginu. Börnin okkar verða alltaf betri en við sjálf og umburðarlyndi skiptir ætíð meira máli heldur en vafasöm gildi eldri kynslóða sem þola horki samkynhneigð né breytilegar skilgreiningar á kynjum.

Svarthöfði lifir eingöngu eftir þeirri lífsreglu að aðrir megi gera nákvæmlega það sem þeir vilja, svo framarlega sem þeir skaða ekki Svarthöfða á neinn máta. Aðeins ein undantekning verður til úr þessari reglu og það er þegar floti uppreisnarmanna reynir að velta nústandandi valdapyramída um koll eða reynir að eyðileggja allt það flotta dót sem Svarthöfði á. Þetta er að vísu meira prinsipp heldur en undantekning.

Félagslegu „normin“ sem öfgakennda fordómafólkið básúnar hljómar í eyrum Svarthöfða eins og meiri fantasía en nokkurn tímann Mátturinn eða loðbangsar á tveimur fótum. Í því samhengi eigum við einmitt að taka öllum bangsasamfélögum opnum örmum, ekki skjóta þau niður. Svarthöfði var ekki á þessari skoðun fyrir nokkrum áratugum, en heilabúið breyttist. Hann er gamli hundurinn



sem breytti sínum brögðum, þótt hann eigi enn eftir að læra það trix að sitja á skoðunum mínum.

Svarthöfði verður nefnilega alltaf svolítið argur á Hinsegin dögum, ekki síður þegar illa gengur hjá náunganum að vera hýr í garð annarra. 🐶



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær



BARNEIGNNATÍÐNI Í SÖGULEGU LÁGMARKI

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Fæðingatiðni á Íslandi er í sögulegu lágmarki um þessar mundir. Á seinasta ári var frjósemi íslenskra kvenna rúmlega 1,7 börn á ævi hverrar konu og hefur hún aldrei verið lægri frá því að mælingar hófust árið 1853.

Þeim fer fjölgandi sem hafa kosið að eignast ekki börn. Einstaklingar sem DV ræddi við nefna meðal annars fjárhag, heilsu, takmarkað frelsi og umhverfisáhrif sem ástæður fyrir því að þeir hafa kosið að lifa barnlausu lífi.

Sérfræðingar hafa bent á að bæta þurfi skilyrði til barnigna hér á landi; lengja fæðingarlof og hækka greiðslupakið. Auka þurfi stuðning stjórnvalda við barnafjölskyldur.

Ástæður sem nefndar hafa verið eru meðal annars þrengri fjárhagsleg staða ungs fólks samhliða vaxandi kostnaði við barneignir

og daggæslu auk versnandi stöðu á húsnæðismarkaði. Sömuleiðis aukin ásókn ungs fólks, þá sérstaklega ungra kvenna, í háskólanám.

Árið 2016 flutti fjármála- og efnahagsráðherra Alþingi skýrslu um þróun á efnahagslegri stöðu fólks á aldrinum 20–35 ára Niðurstöður skýrslunnar sýna meðal annars að hlutfall ráðstöfunartekna ungs fólks af heildarráðstöfunartekjum hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Þróunin hér á landi hefur því að einhverju leyti verið svipuð og erlendis.

Atvinnuleysi, auknar skuldir og aukin hnattvæðing

Í mars síðastliðnum birtist röð greina í breska dagblaðinu The Guardian sem fjölluðu um stöðu svokallaðar aldamótakynslóðar (e. millennials), en til kynslóðarinnar teljast þeir sem fæddir eru á milli 1980 og 1995. Umrædd kynslóð gengur einnig undir nafninu kynslóð Y (e. generation Y).

Niðurstöður rannsókna The Guardian benda til þess að í sjö ríkjum Norður-Ameríku og Evrópu standi umrædd kynslóð verr að vígi í efnahagslegu tilliti í samanburði við aðra þjóðfélagsþópa heldur en raunin var fyrir til dæmis þremur áratugum síðan.

Í greinaröð The Guardian kemur fram að kynslóðin taki til sín umtalsvert lægra hlutfall heildartekna en jafnaldrar hennar 30 árum áður. Þá kemur einnig fram að aukin atvinnuleysi ungs fólks standi kynslóðinni fyrir þrífum. Aðrir þættir sem The Guardian telur að hafi dregið úr möguleikum ungs fólks til að fóta sig í nútímasamfélagi eru meðal annars auknar skuldir, aukin hnattvæðing og hækking húsnæðisverðs.

Meðalaldur frumbyrja 28 ár

Í apríl á þessu ári greindi Hagstofa Íslands frá því að frjósemi kvenna á Íslandi árið 2018 hefði verið minni en nokkru sinni áður. Yfirlitt er miðað við að frjósemi þurfi

að vera um 2,1 barn til að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma lítið.

Þá fer meðalaldur frumbyrja sífellt hækkandi. Frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur frumbyrja undir 22 árum. Eftir miðjan tíunda áratuginn fór meðalaldurinn að hækka. Á seinasta ári var meðalaldur frumbyrja 28,2 ár. Algengasti barneignaaumurinn er á milli 25–29 ára.

Skipuleggja þarf barneignir


„Þetta er áhyggjuefni þar sem að samfélagið byggir á öllum aldursþópum. Það myndi raskast mjög mikið jafnvægið ef okkur fer að fækka og þjóðin samanstendur fyrst og fremst af eldra fólki,“ sagði Ragnhildur Magnúsdóttir læknir í samtali við Kastljós fyrir á þessu ári. Ragnhildur telur fólki ekki nógu upplýst um eðlilegan frjósemisaldur og skipuleggi ekki barneignir í samræmi við það.

„Ef þú ætlar að eignast þrjú

Mig langar ekki að fæða barn inn í þennan heim.

börn og tölfraedin er tekin og reiknuð út, þá segir hún að ef þú ætlar að verða 90 prósent viss um það, þá þarftu að byrja sirka 23 ára. Þetta er eitthvað sem ég held að konur geri sér ekki grein fyrir.“

Í samtali við Fréttablaðið í janúar síðastliðnum benti Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í sagnfræði, að fækkun barneigna væri áhyggjuefni stjórnvalda víða um heim. Hins vegar mætti ekki gleyma þeim vandamálum sem stafa af fjölgun jarðarbúa.



HÓPFERÐIR Á ENSKA

Nánari upplýsingar um ferðirnar og sala er á visitor.is



VS.



29. sep.-2. okt. · Verð frá 139.900*



VS.



4.-7. okt. · Verð frá 149.900*



VS.



25.-28. okt. · Verð frá 129.900*

10.000 kr. afsláttur fyrir félagi í stuðningsmannaklúbbi Arsenal



VS.



8.-11. nóv. · Verð frá 159.900*



VS.



8.-11. nóv. · Verð frá 129.900*



VS.



25.-28. okt. · Verð frá 159.900*



VS.



29. nóv.-2. des. · Verð frá 129.900*



VS.



13.-16. des. · Verð frá 139.900*

10.000 kr. afsláttur fyrir félagi í stuðningsmannaklúbbi Arsenal

*Innfalið: flug og farangursheimildir með Icelandair, rúta til og frá flugvelli, 4 stjörnu hótelgisting með morgunverði, miði á leikinn og íslensk fararstjórn.


Visitor
FERÐASKRIFSTOFA



Visitor ferðaskrifstofa | Hlíðasmára 8, 201 Kópavogur | Sími 578 9888 · visitor.is



Benti hún enn fremur á að breyta mætti hegðun fólks með aðgerðum á sviði fjölskyldustefnu, og nefndi sem dæmi að í Þýskalandi hefði fæðingartíðni hækkað úr 1,3 í 1,7 á örfáum árum eftir að norræn stefna í fæðingarorlofsgreiðslum var tekin upp.

Hámarksgreiðsla 600 þúsund

Í samtali við Fréttablaðið í júlí síðastliðnum sagði Ólöf að það sem myndi helst leiða til hækkaðrar fæðingartíðni, hér á landi, miðað við reynslu annarra landa, væri að hækka aftur fæðingarorlofsþakið og að lengja fæðingarorlofið og leitast við að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Hámarksgreiðsla í fæðingarorlofi var lækkuð verulega í kjölfar efnahagshrunsins 2008 en hefur nú verið hækkuð og stendur núna í 600 þúsund krónum. Heildarlaun voru að meðaltali 721 þúsund árið 2018.

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna og öldrunarlæknir, tók í sama streng og Ólöf. Aðspurður hvernig hægt væri að fjölga fæðingum svaraði Ólafur að til dæmis væri hægt að lengja fæðingarorlofið. „Einnig að brúa umönnunarbilið frá lokum fæðingarorlofs til leikskóla og gera fólki kleift að sinna börnum, til dæmis þegar þau eru veik. Allt hefur þetta áhrif.“

Nóg að eiga gæludýr

„Ég er dálítið hrædd við þá hugmynd að þurfa að vera í burtu frá vinnumarkaði í rúmt ár. Ég hef í raun alltaf vitað að ég vilji ekki eignast börn. Ég hef aldrei fundið fyrir þessari þrá,“ segir Ólöf Vignisdóttir, 30 ára forritari í Gautaborg, í samtali við DV en hún er ein af þeim sem hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að sneiða hjá barneignum.

Hún segir metnað og löngun

til að ná frama á vinnumarkaði hafa leikið stórt hlutverk í þeirri ákvörðun. Hún segir stærstu ástæðuna vera frelsið sem fylgi því að vera barnlaus.

„Ég á hund og það nægir mér alveg,“ segir Ólöf jafnframt. Hún bætir við að í gegnum gæludýr sé svo sannarlega hægt að svara þörfinni fyrir því að sjá um, og taka ábyrgð á einhverjum öðrum en manni sjálfum.

„En ég er ekki hrifin af tilhugsuninni um að hafa einhvern sem reiðir sig á mig meira og minna allan sólarhringinn. Að hafa einhvern sem er háður mér.“

Ólöf nefnir einnig sem ástæðu að hún greindist með MS-sjúkdóminn þegar hún var 24 ára gömul. „Sjúkdómsgreiningin er ekki aðalástæðan, það er að segja, ég var ekki beinlínis hvött til að eignast ekki börn sjúkdómsins vegna. En það á stóran þátt. Ég myndi ekki vilja taka neina sénsa.“ ■

DV leitaði til fleiri einstaklinga sem hafa af mismunandi ástæðum kosið að lifa barnlausu lífi og spurði:

„Hver er ástæðan fyrir þessari ákvörðun?“

Mínar ástæður eru margar. En svo fátt eitt sé nefnt, þá finn ég ekki löngun til að verða foreldri og hef alltaf viljað vera ég sjálf og fylgja mínum áhugasviðum í lífinu. Barneignir eru ekkert öðruvísi en allt annað í lífinu sem maður velur að taka sér fyrir hendur.

Karen Guðnadóttir 27 ára, nemi og starfsmaður á elliheimili

Ástæðan er líkamleg veikindi. Ég myndi ábyggilega eignast barn ef ég lagaðist, enda er ég með sterkt móðureðli. En, „oh well“. Ég kys það sem væri betra fyrir mögulegt barn og það er ekki veikt foreldri. Að hunsu veikindin fyrir það sem mig langar væri sjálfselskt og óábyrgt.

Vigdís Þorvarðardóttir 27 ára, öryrki

Ég kaus að eignast ekki börn einfaldlega af því að mig langar ekki í þau. Ég hef aldrei fundið þörfina fyrir að verða mamma og mér finnst gott að geta stjórnað tímanum mínum sjálf og eytt peningunum mínum í sjálfa mig. Ég er mjög mikill „introvert“ og sæki ekki mikið í félagsskap annarra, það hefur án efa áhrif líka. Mér finnst dálítið fráhrindandi hvað sumir foreldrar virðast helteknir af þessu hlutverki sínu, ég tengi alls ekki við það, hef alls engan áhuga á því og finnst tíma mínum svo mikið betur varið í aðra hluti. Óbein áhrif sem hafa samt heilmikið að segja líka eru tengd umhverfisvernd og alltof mikilli fjölskyldugun, mér finnst frábært að geta lagt mitt af mörkum þar. Eins er ég í áhættuhóp fyrir fæðingarþunglyndi og er með undirliggjandi kvíða, og finnst gott að geta hlúð að mér í friði þegar ég þarf á því að halda.

Ingunn Oddsdóttir 34 ára, sérfræðingur

Það er nógu helvíti dýrt að reyna að standa einn á eigin fótum, hvað þá að sjá fyrir annarri manneskju. Ég sé dæmið bara alls ekki ganga upp þar sem ég vil heldur ekki maka, þannig spila fjármál risa stóran rullu. Einnig finnst mér þessi heimur orðinn mjög ljótur og mig langar ekki að fæða barn inn í þennan heim, bara til að kljást við sístækkandi vandamál, hvort sem þau eru líkamleg, andleg eða fjárhagsleg. Svo má ekki gleyma öfjölgu fólks í heiminum, sem er gríðarlegt vandamál sem stækkar óhugnanlega hratt. Einnig finnst mér bara ótrúlega gott að vera ein og ég get ekki ímyndað mér að deila heimili mínu með öðrum þegar ég hef eignast það, hvað þá að geta ekki gert það sem ég vil hvenær sem ég vil.

Sigurros Eggertsdóttir 23 ára

Ég sé bara ekki fyrir mér að ég yrði hamingjusamur einstaklingur sem foreldri. Það fyllir mig kvíða að hugsa til þess að bera ábyrgð á barni 24/7 og lífsstíllinn sem fylgir því að eiga barn er eitthvað sem ég er mjög sátt við að sé mér framandi. Hef bara hvorki löngun né þörf fyrir að bæta börnum við líf mitt.

Anna Björg 40 ára, ráðgjafi.

Mig langar ekki til að eignast börn af því að ég vil geta stjórnað mínu eigin lífi án þess að þurfa að taka tillit til barns og hvað sé best í stöðunni fyrir barnið. Ég er líka kennari og vinn með börnum og unglingum. Það dugar mér alveg að vera með þeim á vinnutíma. Ég hef líka engan áhuga á að fæða barn inn í heim sem á sér enga framtíð. Ég er með mikinn loftslagskvíða og það hræðir mig svakalega að hugsa til þess að eiga barn sem þyrfti að upplifa jörðina skrælna upp beint fyrir framan augun á sér. En svo hef ég velt því fyrir mér hvað ég myndi gera ef ég yrði óvart ólétt. Þá er ég ekki viss hvort ég myndi geta eytt því.

María Skúladóttir 26 ára, kennari.

Persónulega ákvað ég að sleppa þessu af því mér fannst þetta í og með hálfgerður þrældómur. Ég kærði mig ekki um að vinna myrkranna á milli til að koma upp börnum. Fjárhagshlutinn er því stór þáttur og forréttindi að vera laus við að þurfa að hugsa um fleiri en sjálfa mig hvað það varðar. Einnig finnst mér þetta mikið álag á líkamann, meðganga og brjóstagjöf, er alveg sátt við að hafa sleppt þessu á þeim grunni. Svo núna, þegar ég er orðin eldri er ég enn sáttari, því mér finnst bara ábyrgðarmál að búa til börn eins og ástandið er í heiminum. Ég nýt lífsins í botn, á minn tíma sjálf alla daga. Bara frelsið í þessu er svo dýrmaett fyrir mig.

Hallgerður Hauksdóttir 50 ára.

20% afsláttur af öllum Nomad hundabúrum



gæludýr.is



GARÐAÞJÓNUSTA KÓPAVOGS:

Alhliða þjónusta og hellulagnir

Garðaðþjónusta Kópavogs er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í alhliða garðaðþjónustu. Kópavogsbúar þekkja vel til vandaðra verka fyrirtækisins sem hefur um árabil séð um að prýða garða, beðahreinsa og helluleggja. Helgi Bersi Ásgeirsson garðyrkjumaður segir að aðaláhersla fyrirtækisins sé lögð á almennt viðhald á gördum sem og gerð nýrra garða.

„Við sérhæfum okkur m.a. í að helluleggja en það er einmitt mikið um að fólk sé að helluleggja um þessar mundir. Við aðstoðum einnig viðskiptavinum við hönnun og skipulag á gördum,“ segir hann.

Hvers kyns garðaðþjónusta


„Garðaðþjónusta Kópavogs sinnir einnig þökulögnum, jarðvegsskiptum, trjáfellingum og trjáklippingum. Þótt fyrirtækið sé eyrnamerkt Kópavogi þá förum við gjarnan yfir bæjarmörkin og vinnum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið, ef því er að skipta. Við leitumst líka við að hagræða verkefnum og vinnutíma eftir þörfum viðskiptavina hverju sinni.“

Garðaðþjónusta Kópavogs er með áratuga reynslu í hvers kyns garðaðþjónustu og leggur mikinn metnað í að þjónusta fjölda einstaklinga, fyrirtækja og húsfélaga í almennu garðaviðhaldi yfir allt sumarið.

Garðaðþjónusta Kópavogs

Austurkór 63, Kópavogur. Sími: 859 – 7090.

www.facebook.com/gardakop/



ÉG SKAMMAST MÍN FYRIR SAMFÉLAGIÐ OG KERFIÐ



Æskan: Albert var fjörugur og gladlyndur drengur.



■ Brotinn niður af kerfinu þar til hann gafst upp ■ Boðaður fyrir dóm án þess að vita hvers vegna

Erla Dóra
erladora@dv.is



Albert Ísleifsson fæddist þann 26. september 1991 klukkan hálf tvö. Hann elskaði að borða plockfisk, sinna hestunum sínum, klappa kettinum sínum Jökli. Hann var skapandi og samdi bæði texta og málaði. Aðstandendur lýsa honum sem hjartahljújum, hjálpuðum góðum dreng. Hann glímdi þó líka við andleg veikindi og fíknisjúkdóm og eftir langa og stranga baráttu á grýttri lífsleið gafst hann upp og ákvað að deyja.

Saga Alberts er saga ungs manns sem kerfið brást. Manns sem eftir langa og harða baráttu var loksins að koma undir sig fóttunum en fékk á sig brotsjú þegar hann reyndi að sækja sér hjálp. Saga Alberts er saga margra, ungra einstaklinga sem láta lífið langt fyrir aldur fram. Manna sem falla milli þilja í kerfinu og fá enga hjálp.

Blaðamaður settist niður með Sigrúnu Ólöfu Sigurðardóttur, móður Alberts, sem deilir sögu hans til að benda á brotalöm í kerfinu þegar kemur að einstaklingum með tvíþættan vanda.

Fjörugur ungur drengur

Albert bjó fyrstu ár lífs síns í Mosfellsbæ, hann átti tvo eldri bræður og einn yngri. Hann lagði stund á knattspyrnu með Aftureldingu og stóð sig afburðavel. Móður hans er minnisstætt þegar hún fylgdi honum til Vestmannaeyja á mót þar sem hann stóð sig einstaklega vel.

„Það var rosalega gaman að sitja þarna í áhorfendaskaranum og hlusta á aðra tala um Albert, hvað hann væri efnilegur. Ég gat ekki setið á mér og sagði: „Þið eruð að tala um hann son minn, hann er ættaður héðan úr Eyjum,“ segir Sigrún.

Þegar Albert var níu ára gamall fluttist fjölskyldan til Selfoss og

gekk Albert framan af vel í nýjum skóla. Hann var með athyglisbrest og ofvirkni en varð svo lánsamur að fá góðan kennara sem náði vel til hans. Það var svo eftir að sá kennari hætti sem halla fór undan fæti. Það fór svo að í níunda bekk var Albert vikið úr skóla vegna hegðunarvandamála.

Skólakerfið brást

„Það var einhver galsi í honum, en ég hef heyrt frá mörgum að hann hafi ekki verið sá verstí innan veggja skólans,“ segir Sigrún. Þarna byrjaði kerfið að bregðast Albert. „Þegar honum var vikið úr skóla þá fékk hann þarna 7–10 daga þar sem hann átti að vera heima. Þarna var hann ekki orðinn 16 ára gamall. Hann var farið að hlakka til að mæta aftur að þessum tíma liðnum þegar hringt var í hann og félagsmálayfirvöld á Selfossi sögðu honum að hans nærveru í skólanum væri ekki óskað eftir þann tíma.“ Sigrún veitti því eftirtekt þegar símtalið barst, enda heyrði hún strax að þarna var sonur hennar greinilega ekki að ræða við einhvern vana sinna. „Svo kom hann fram og ég sá bara sorgarsvip á honum. Þá var ekki ætlast til þess að hann kæmi aftur í 10. bekk. Þarna var komið svona fram við hann, skólakerfið sagði bara: nei, takk þú kemur ekki aftur hingað.“

Albert bauðst að fara í sérstakan sveitaskóla, en honum þótti það afar lítillækkandi. Hann reyndi þó að sýna lit, mætti í einhver skipti, en gafst að lokum upp, niðurbrotinn og upplifði höfnun frá skólakerfinu.

Sambandsslit reyndust erfið

Á þessum tíma var Albert í sambandi við stúlku og ákaflega ástfanginn. Hann fékk leyfi til að fara í Fjölbrautaskóla Suðurlands og fór þangað með kærustu sinni. „Svo slitnaði upp úr sam-

„Hann fór af því að hann ákvað að fara. Hann gafst upp.“

bandinu. Þá sá ég bara strákinn minn hverfa. Hann var mjög sár, reiður og svekktur. Þarna upplifði hann aðra höfnun,“ segir Sigrún. Þegar þarna var komið leið Albert illa á sálinni og leitaði leiða til að deyfa sársaukann. Þá leið fann hann í fíkniefnum. „Ég fann það bara, þarna átti ég orðið erfitt með að tala við hann og nálgast hann á margan máta, og þannig var það meira og minna í mörg mörg ár þangað til nú í sumar. Eftir þessi sambandsslit. Þá gerðist eitthvað innra með honum, ég fann það eiginlega um leið. Og þetta varð leið til að deyfa sársaukann. Það var bara kannabis, til að byrja með.“

Fíknin tekur völdin

Svo fór að fíknin tók öll völd í lífi Alberts, þó svo að rofað hafi til einstaka sinnum. Þannig liðu árin. Hann átti nokkur góð skeið á þeim árum, meðal annars eftir að hann leitaði til Götusmiðjunnar og svo árið 2016 þegar hann fór í langtímameðferð í Krýsuvík.

Þar segir Sigrún að hann hafi blómstrað. „Hann var svo fallegur. Heilbrigður. Hann var þar í sex mánuði. Hann fékk stundum helgarpassa og við keyrðum fram og til baka; og skjótast með hann hingað og þangað.“

Fíknin reyndist þó alltaf ná yfirhöndinni aftur. Fíkniefnaheimurinn er harður og þeir sem glíma við fíknisjúkdóma komast gjarnan í kast við lögin með einum eða öðrum hætti. Albert var þar engin undantekning og þurfti að sitja af sér fangelsisdóma.


Þegar Albert átti góð tímabil gegndi hann ýmsum störfum, yfir-

leitt sem verkamaður. Hann vann við virkjanir, smíðaði palla og lagði hellur svo eitthvað sé nefnt. „Undir flestum kringumstæðum þá eru þessir ungu menn, af góðum heimilum, að ná sér á strik svona að nálgast þrúgt. Ég eiginlega þorði ekkert að láta mig dreyma um það,“ segir Sigrún.

Batinn þrautin þyngri

Albert varð edrú snemma á þessu ári. Hann kom sér fyrir í leiguhvergi og fékk fjárstuðning frá Félagssþjónustunni. Hann var duglegur að fara í ræktina, átti í góðum samskiptum við sína nánustu og hlakkaði til framtíðarinnar í edrúmennskunni. Hann var þakklátur fyrir að hafa fengið annað tækifæri og ætlaði sér að nýta það. Hann mætti reglulega á AA-fundi, stundum tvisvar á dag og leit í kringum sig eftir vinnu. En enga fékk hann vinnuna. Engin vildi ráða óvirkan fíkil.

Albert dó þó ekki ráðalaus. „Hann sagði mér svo frá því núna í sumar að hann langaði svo að fara í endurhæfingu hjá Virk. Hann var mjög spenntur fyrir því og sótti um af fullum áhuga. Ég sagði honum frá því að þarna hefði hann aðgang að sálfræðingum og þess háttar,“ segir Sigrún klökk. „Hann fékk neitun. Neitun!“ Sigrún skildi ekki af hverju sonur hennar fékk neitun og hafði samband við sérfræðing hjá Virk. Sérfræðingurinn hvatti Albert til að sækja aftur um, því umsókn hans hlyti að hafa misfarist. En aftur fékk Albert neitun.



Albert Ísleifsson var listrænn og fjölbærur.

”Mamma, ég á að fara fyrir dóm og ég á að sitja inni. Ég fer aldrei aftur þarna inn.

Glæpur og refsing

„Svo á svipuðum tíma kom hann til mín og sagði við mig: „Mamma ég á að fara fyrir dóm og ég á að sitja inni. Ég fer aldrei aftur þarna inn.“ Albert átti að mæta fyrir dóm núna í haust. Hann vissi ekki fyrir hvað hann var ákærður og var mjög kvíðinn. Hann hafði áður setið inni á Hólmsheiði og sagði móður sinni að það væri mikið um fíkniefnaneyslu í fangelsinu. Brotið reyndist vera akstur án ökuleyfis, því komst móður hans að eftir að hún hringdi í verjanda hans. „Hvernig er hægt, þegar fólk er loksins farið að standa sig, að kippa svona undan þeim fótunum.“ Brotið hafði átt sér stað áður en Albert varð edrú og því ljóst að það hafði töluverður tími liðið frá brotinu og þar til ákæran var gefin út. „Hann átti bara að fara að detta þarna inn út af þessum tittlingaskít.“ Sigrún segir að kerfið hafi þarna unnið gegn bata hans, í staðinn fyrir að hjálpa honum áfram var honum hrint afturábak.

„Af hverju er þetta látið ganga svona, þetta gengur ekki,“ segir Sigrún og vísar til þess hversu langan tíma það tekur fyrir íslenska réttarkerfið að dæma fyrir brot. En það er sérstaklega þyngjandi þegar brotin eru smávægileg, framin þegar fólk er undir áhrifum vímuefna, en svo er dæmt þegar fólk er komið í bata, og jafnvel búið að vera lengi í bata. Ekki er þar þó eina brotalömin heldur geta dæmdir einstaklingar þurft að bíða lengi eftir að vera boðaðir í afplánun. „Fólk er jafnvel búið að stofna fjölskyldur og eignast börn þegar á að kippa þeim inn. Svo eru hvítflibaglæpamenn hér niðandi fólk og gera grín að fötlunum, bara ógeðslegt pakk sem kemst upp með allt. Þetta er bara svo heimskulegt. Ekkert breytist, aldrei. Alveg sama hvað maður talar mikið um þetta.“


Uppgjöf

„Eftir svona tíma, edrúmennsku, þá kemur niðursveifla. Hjá öllum fíklum. Hann nefndi þetta við mig og við töluðum einmitt um það. Hann fór að hafa samband niður á geðdeild og svo var hann kallaður í viðtal. Hann pakkaði niður fötum til að taka með sér í þeirri von að hann yrði lagður inn. Það kom einhver kraftur í hann,“ segir Sigrún. Þarna leið Albert illa. Hann var atvinnulaus og fannst hann vera kominn langt á eftir á í lífinu. Hann dreymdi um vinnu, sína eigin íbúð, bíl og fjölskyldu. Einstaklingar með ADHD-röskun eiga oft erfitt með að sýna biðlund. Albert gat því varla beðið eftir að byrja framtíðina. Í staðinn hafði hann fengið afsvar frá Virk, og átti yfir höfði sér afplánun. Hann gerði þó eina tilraun enn og fór vongóður upp á geðdeild.

„Svo kom hann til baka með lyf. Hafði bara fengið lyfseðil. Hann sagði bara: „Ég er fíkill, ég get ekkert gert við lyf.“ Hann þurfti innlög og hann þurfti meðferð.“ Geðdeild taldi hann ekki nógu veikan til að leggjast inn. Þarna var Albert þó farinn að glíma við sjálfsvígshugsanir og hafði greint móður sinni og vinum frá því. „Hann sagði: „Mamma ég er í sjálfsvígshugsunum en ég vil ekki fara. Ég er hræddur við þetta.“ Þó svo að Sigrún viti ekki fyrir víst hvað Albert og starfsmönnum geðdeildar fór á milli er hún þess fullviss að hann hafi greint þeim frá sjálfskaðandi hugsunum sínum: „Ég tel það öruggt.“

Um tveimur vikum eftir að honum var vísað burt af geðdeildinni, fannst Albert látinn heima hjá kunningja sínum.

„Þeir byrja að brjóta hann niður í skólakerfinu. Hann fær nei frá Virk og nei frá geðdeild og enginn bendir honum á nein úrræði sem standa honum opin. Auðvitað gafst hann upp.“



Listin: Málverk eftir Albert.

Albert deyir

Sunnudaginn 7. júlí keyrði Albert til Reykjavíkur og fór til kunningja síns. „Hann fór til manns sem ég vil ekkert vera að nefna á nafn. En sá maður vissi vel að Albert hafði verið edrú til lengri tíma. Albert var þarna mjög neikvæður og leið mjög illa. Hann sagði við vin sinn: „Mig langar að deyja, langar þig ekkert stundum að bara fara?“ Það endaði með því að hann féll. Fékk sér eitthvað og það fór svo að þessi vinur hans fór með hann upp í Frú Ragnheiði því hann hafði áhyggjur af Albert.“

Þar hitti Albert fyrir starfsmann Frú Ragnheiðar og var ástand hans ekki gott. „Hún gerði alls konar próf á honum, lífsmörk og alls konar læknisfræðileg atriði sem ég get ekki munað. Hún sagði að það væri ekki að ræða það að hann hefði dáið af því sem hann var vímaður af þá, hann hefði fengið sér annan skammt til að fara. Þau vildu senda hann upp á bráðamóttöku en hann brotnaði þá niður og sagði: „Ég vil bara fara, ég vil bara deyja.“

Sigrún hafði samband við starfsmann Frú Ragnheiðar sem sagði vanlíðan Alberts hafa verið mjög mikla þetta kvöld. „Hún sagði við mig að hann hefði bara verið yndislegur, góður og almennilegur við hana og hann hefði leitað í fangið á henni og hún hefði knúsað hann og tekið utan um hann og talað hlýlega til hans. Og hann bara grét. Þarna virkilega þurfti hann hjálpa, og allar vikurnar þar á undan. Hugsid ykkur ef hann hefði komist að hjá Virk eða ef hann hefði komist í innlög.“

Í kjölfarið sneri Albert aftur til vinar síns. Þar fannst hann látinn aðfaranótt þriðjudagsins 9. júlí. Dánarorsök var ofneysla vímuefna, en Sigrún telur öruggt að Albert hafi viljandi tekið of stóran skammt. „Hann fór af því að hann ákvað að fara. Hann gafst upp. Það er ekki það að hann hafi dottið í það út af fíkninni, hann tók meðvitaða ákvörðun því hann hafði ákveðið að fara.“

Eftir situr sársaukinn

„Það var svo margt líkt með okkur,“ segir Sigrún. „Við erum bæði fædd í september, ég 23. og hann 26. Við erum bæði með ADHD, margt það sem öðru okkar fannst gott fannst hinu líka gott og svo höfðum við bæði unun af því að mála. Albert þrætti fyrir þetta á árum áður, en í seinni tíð viðurkenndi hann að við værum mjög lík. Hann fór jafnvel að monta sig af mér þegar við hitt-

um kunningja hans og tilkynnti sérstaklega: „Þetta er mamma mín.“

Áður en Sigrún frétti að sonur hennar væri látinn birtist hann henni í draumi. „Ég vaknaði um sex leytið um morguninn og mig hafði dreymt hann. Þar sá ég hann í draumi ganga í burtu, brosandí sínu falletasta, eins og honum liði betur. Ég vaknaði og hugsaði „Á ég að hringja í hann?“ Sigrún taldi þetta þó bara móðursýki í sér og hristi þetta af sér. Um daginn virtist hún þó stöðugt vera minnt á Albert. Hún rótaði í skúffu og dró þá óvart upp mynd af honum og rakst svo á lykklappu með nafni hans á. Síðan bárust sorgartíðindin.

Eftir situr óbærilegur sársauki, enda martröð flestra mæðra að sjá á eftir börnum sínum í gröfina. En eftir situr líka reiðin. Reiðin yfir að Albert hafi alls staðar komið að lokuðum dyrum þegar hann þurfti á hjálp að halda. Að kerfið hafi brotið hann niður í stað þess að byggja hann upp. Að kerfið hafi brugðist Albert svo hryllilega að hann vildi ekki lifa lengur. Einstaklingar með tvíþættan vanda geta lent milli þilja í kerfinu. Meðferðaraðilar vísa á geðdeild, geðdeild vísar á meðferðaraðila. Enginn heldur utan um þessa einstaklinga. „Það er eiginlega ekkert hægt að segja í svona aðstæðum, en það er hægt að gera eitthvað svo þetta fari ekki og hverfi bara svona. Mér dettur ekki til hugar að kæfa þessa sögu niður. Ég vil segja hana og ég veit að Albert hefði viljað hjálpa og segja frá. Ég skammast mín ekkert fyrir son minn, ekki neitt. Ég skammast mín fyrir samfélagið og kerfið. Við erum að missa glæsilegt og gott fólk. Fólk eins og hann Albert.“

PINNAMATUR
VEISLUR ERU OKKAR LIST!

BJÓÐUM UPPÁ FJÖLDA TEGUNDA PINNAMATS OG TAPASRÉTTA


AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚIÐ FYRIR VEISLUNA HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Weislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Kata fattar

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra upplýsti í vikunni að aukinn áhugi erlendra auðmanna á að kaupa jarðir á Íslandi kunnir að tengjast vatnsréttindum. Katrín er þarna bara um átta árum of sein að gera sér grein fyrir að áhugi erlendra auðmanna eigi líklega ekki rætur að rekja til náttúruferðar Íslands eða væntanlegrar búsetu í sveitinni. Miklar umræður áttu sér stað um kaup erlendra aðila á jörðum með vatnsréttindum á Íslandi þegar auðkýfingurinn Huang Nubo reyndi að festa kaup á Grímsstöðum á Fjöllum árið 2011. Jörðinni fylgdu vatnsréttindi og einnig var þar möguleiki á að bora fyrir jarðvarma. Einnig hafði fyrirverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mælt gegn því að útlendingar hefðu sama rétt til jarðkaupa og Íslendingar. Í þjóðviljanum 1991 var haft eftir Ólafi: „Ég mun aldrei samþykkja samning sem felur í sér að útlendingar geti keypt Laxá í Aðaldal eða Hvamm í Dölum.“ Það eru því væntanlega ekki nýjar fréttir að erlendir fjársterkir aðilar hafi sóst í jarðir hérlendis, eða að eftirsóknin eigi rætur að rekja til vatnsréttinda.



Eldri borgarar í bobba

Í vikunni hefur mikið verið fjallað um kaup á íbúðum Félags eldri borgara (FEB) að Árskógum. En þrátt fyrir að kaupendur hafi samið um kaupverð, þinglýst kaupsamningi og staðið við sitt samkvæmt samningnum þá krafðist FEB aukagreiðslu vegna kostnaðaraukningar sem hafði átt sér stað vegna mistaka FEB við útreikning. Meginregla íslenska samningaréttarins er að samninga skuli halda, því kom þessi viðbótargreiðsla illa við kaupendur sem voru settir afarkostirnir að greiða, eða falla frá kaupnum. FEB hefur borið því við að án þess að velta kostnaðaraukningunni á kaupendur, þá muni félagið fara í þrot. Hér er því sú óþægilega staða komin upp að kaupendur að Árskógum eiga að gjalda milljónir vegna mistaka annarra, þrátt fyrir að hafa lagalegan rétt sín megin. Og þrátt fyrir að hafa lagalega réttinn sín megin þá hefur þriðjungur kaupenda fallist á hækkað verð. Hvort ætli það sé vegna tryggðar þeirra við FEB og skilnings á aðstæðum eða einfaldlega vegna þess að án þess að greiða fá þeir ekki afhent og eru þar af leiðandi á götunni? Þó svo að íbúðirnar séu með hækkuðu verði enn undir markaðsvirði þá verður að hafa það í huga að kaupendur ganga til samninga út frá ákveðnum forsendum og út frá annari krónutölu. Þó svo verið hafi verið lágt þá er ekki gefið að allir eigi aukagreiðsluna til, enda lífeyrisgreiðslur oft ekkert fagnaðarefni.



Breyttir tímar
Ferðamenn koma og fara en fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfa að vera með markaðsplön sín á hreinu.

Vondur draumur ferðaþjónustunnar

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Ég staldraði við áhuga-verða frétt í gær um hótellbransann. Í fréttinni var fullýrt að hótellstjórar væri afar ósáttir við bókunarsíðurnar Booking og Expedia sökum þess hve háar þóknar síðurnar tækju af hverri bókun. Í sömu andrá er hins vegar tekið fram að hótellstjórnir séu háðir þessum bókunarrisum og þurfi að greiða fimmtán til tuttugu prósent af hverri seldri gistingu í þóknun. „Okkur er stíllt upp við vegg“ var haft eftir einum ónefndum hótellstjóra á Suðurlandi.

Hótellstjórnir eru ansi aumir yfir þessu, enda leikur einn að benda á útlensku risana og segja þá eyðileggja allan bisness. Það er vel þekkt taktík til að fá fólk á sitt band. Það vantar hins vegar svo mikið í þessa sögu hótellstjóranna að það er engu lagi líkt.

Fyrir nokkrum árum blés hér út ferðamannabransi og allir og amma þeirra ætluðu að stökkva á mjólkurkúna. Fá sinn tíma á spennum og njóta. Og það heppnaðist hjá ansi mörgum, enda um tíma mun meiri eftirspurn eftir gistingu, afþreyingu, þjónustu og vörum en framboð. Það sem gleymdist hins

vegar í öllu havaríni var markaðssetning. Til styttri tíma lituð virtist vera mun sniðugra fyrir fyrirtæki í ferðamannabransanum, sérstaklega þessi minni, að leggja traust sitt á bókuþjónustur frekar en að efla innri markaðssetningu og eigin nærveru á hinu stóra alneti. Þannig væri hægt að bjóða upp á vörur, þjónustu, afþreyingu, gistingu án þess að eyða krónu í hluti eins og heimasíðu, bæklinga eða markaðssetningu á netinu. Stóru bókuþjónustur myndu bara sjá um þetta.

Á þessum tíma, þegar að góðari ferðabransans stóð sem hæst, munaði þessa aðila nefnilega ekkert um 10, 15, jafnvel 20 prósent í söluþóknun, svo mikil var salan. Hótellstjórnir höfðu vafalaust ekki einu sinni tíma til að skanna Expedia og Booking til að fylgjast með hvar þeirra hótell var í röðinni í leitarniðurstöðum. Það seldist allt upp. Það var heldur engin ástæða til að skipulega safna saman netföngum, senda út fréttabréf, bjóða fólk upp á afsláttarkóða á bókunir eða reyna að selja þeim afleidda þjónustu, enda margir ferðaþjónustuaðilar ekki með nægilega góða lendarásíðu til að vinna svo viðamiklign markaðsstarf. Öll framtíðarsýn flaug því út um gluggann og örlögin sett í hendurnar á stórum

Hótellstjórnir eru ansi aumir yfir þessu, enda leikur einn að benda á útlensku risana og segja þá eyðileggja allan bisness.

bókuþjónustum – aðilum sem kunna sitt fag.

Svo fór að harðna í ári. Ferðamönnum fækkaði og einnig fjölgaði þeim ferðamönnum sem kusu að skoða Ísland á sinn eigin hátt, til dæmis með því að sofa í bílnum, kaupa sér nesti og ganga sjálfir í staðinn fyrir að bóka sér ferð. Þá föttuðu margir ferðaþjónustuaðilar að það væri bogið að vera ekki með heimasíðu. Þeir vildu loksins fara að markaðssetja sig á vefnum. Það er hins vegar dýr og tímafrek vinna sem þarfnast fagmanna í verkið, sökum þess hve harður ferðamannabransinn er. Það er engin skynsemi fólgin í því að kasta þúsundköllum í Googleauglýsingar þegar erlendir ferðaþjónusturisar kaupa bara upp leitarorðin þín jafnharðan sem veldur því að leitarorðin þín kosta allt í einu tífalt meira í dag en í gær. Ef nokkur hundruð


þúsund kallar eru hins vegar settir í góða heimasíðu með bókuþjónmöguleikum, markaðssetningu á netinu og viðhaldi á vefmiðlum þá getur það borið árangur. En það kostar þolinmæði, sem er oft af skornum skammti á Íslandi.

Þetta er því ekki klippt og skorið. Það er galið að halda því fram að erlendir bókuþjónustur stjórnir hér öllu og það er galið að halda því fram að útlensk stórfyrirtæki séu að ganga af hótellstjórn dæðum. Sannleikurinn er sá að þessar stóru bókuþjónustur hafa unnið alla markaðsvinnuna sem sum íslensku fyrirtækin hafa ekki tímt að borga fyrir. Hér er engum stíllt upp við vegg. Innlendu ferðaþjónustuaðilarnir tóku bara margir það sem þeir héldu vera auðveldu og ódýru leiðina og eru margir hverjir að vakna upp við vandan draum.

Spurning vikunnar

Ferðamenn svara: Af hverju komstu til Íslands?





JS Watch co.
REYKJAVIK

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra. Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

Sif N.A.R.T. 1948

*Vatnspétt niður
á 1000 metra*

*Handsaumur leðuról
úr hágræða leðri*

*Dimmblá burstuð skifa
með sjálflýsandi stöfum og vísun*

*Burstaður kassi
úr 316L læknaðáli*

*Svissneskt sjálvindugangverk
í hæsta gæðaflokki*

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



VAFASÖM FLÉTTA EGGERTS SKÚLA

■ Ítrekað verið sakaður um misferli í viðskiptum ■ Grunaður um að svíkja úr sameiginlegum sjóði landsmanna og skjalafals ■ Möguleg tengsl við Fréttatímann

Erla Dóra
erladora@dv.is



Eggert Skúli Jóhannesson framkvæmdastjóri hefur ítrekað verið sakaður um misferli í viðskiptum. Á árinu 2016 hófst rannsókn á meintum svikum hans úr Ábyrgðarsjóði launa, hann stofnaði Hjálparsamtök bágstaddra barna sem sættu mikilli tortryggni og voru lögð niður eftir aðeins örfáa mánuði. Blaðamaður kafaði ofan í málið og fann þar möguleg tengsl hans við Fréttatímann, tengsl hans og sonar hans við fyrirtækið Ice X Investments ehf. og einnig hefur gefið sig fram heimildarmaður sem segir Eggert hafa falsað undirskrift hans á pappírnum og komið því til leidda að hann er nú einn sakborninga í áður nefndu sakamáli vegna meintra svika úr Ábyrgðarsjóði launa.

Ábyrgðarsjóður launa

Grunur leikur á að umtalsvert fé hafi verið fengið af Ábyrgðarsjóði launa með svikumlegum hætti. Upphaflega var samtakt frá málinu á árinu 2016 í Fréttatímanum sem þá var undir ritstjórn Þóru Tómasdóttur og Gunnars Smára Egilssonar. Enn hefur ekki verið gefin út ákæra í málinu sem heimildir DV herma að sé enn til rannsókna hjá ákærusviði Héraðssaksóknara.

Fréttatíminn greindi frá því í ágúst 2016, í frétt sem bar fyrirsögnina „Eggert Skúli víða sakaður um svik“, að launakröfur frá tveimur fyrirtækjum tengdum Eggerti Skúla Jóhannessyni framkvæmdastjóra hefðu borið í Ábyrgðarsjóði launa. Hlutverk Ábyrgðarsjóðs launa er að bera ábyrgð á launum starfsmanna fyrirtækja sem fara í þrot. Starfsmenn gera kröfur í þrotabú vinnuveitanda síns og geta þá fengið launin sín greidd úr ábyrgðarsjóði.

Meintir starfsmenn fyrirtækja sem tengjast Eggerti Skúla fóru fram á háar greiðslur úr Ábyrgðarsjóði launa og áttu sumir hverjir að hafa starf að launalaust fyrir fyrirtækin í riflega hálf ári. Heimildir DV herma að málið varði þónokkur þrotabú sem virðast tengjast sömu aðilum og að launakröfurnar hafi jafnvel komið frá meintum starfsmönnum sem aldrei hafi unnið fyrir þessi fyrirtæki og kannist jafnvel sjálfir ekki við að hafa lagt fram kröfurnar, eins og nánar verður vikið að hér síðar.

Blaðamaður hafði samband við embætti Héraðssaksóknara en var greint frá því að ekki væri hægt að veita svör við fyrirspurn-

um sökum þagnarskyldu, en samkvæmt áreiðanlegum heimildum DV hefur málið dregist mikið á langinn sökum þess að illa hefur gengið að ná í einn sakborning og ekki vitað með vissu hvar hann heldur sig.

Heimildarmaður DV, sem ekki vill láta nafns síns getið, segist í samtali við blaðamann telja Eggert siðblindan og telur ámælisvert hvað rannsókn málsins hefur dregist á langinn: „Þetta er náttúrulega sameiginlegur sjóður landsmanna. Núna þurfti virkilega á þessum sjóð að halda og þá er nú allt í lagi að það séu inni einhverjir aurar í þessum sjóði, að það séu ekki menn eins og Eggert sem eru búnir að tæma þetta.“

Hjálparsamtök bágstaddra barna

Árið 2016 stofnaði Eggert Skúli, ásamt fleirum, Hjálparsamtök bágstaddra barna. Hjálparsamtökin vöktu mikla athygli þar sem upprunalega var ómögulegt að rekja hverjir stæðu að baki söfnunum sem samtökin stóðu fyrir. Á daginn kom að Eggert stóð að baki samtökunum ásamt Gunnari Bender veiðimanni sem nokkrum mánuðum fyrr hafði lagt fram háar kröfur í Ábyrgðarsjóð launa vegna meintra starfa sinna fyrir fyrirtæki Eggerts. Launakröfum Gunnars var hafnað eftir að grunsemdir vöknudum um að þeir félagar væru í slagfoti að reyna að svíkja fé úr sjóðnum, en eins og áður hefur komið fram eru meint svik Eggerts enn til rannsókna hjá Héraðssaksóknara. Söfnunin þótti það vafasöm að lögregla tók málið til rannsókna, en ekki hafði verið aflað til hennar tilskilinn leyfa samkvæmt lögum.

Í kjölfar umfjöllunar Fréttatímans var samtökunum lokað. Á heimasíðu samtakanna var greint frá því að þeim hefði formlega verið slitið, reikningum lokað, reikningar greiddir og eftirstöðvum, 68.500 krónum hafi verið ráðstafað til Mæðrastyrksnefndar.

Jóhannes Gísli Eggertsson

Sonur Eggerts Skúla, Jóhannes Gísli Eggertsson, virðist tengjast mörgum af sömum fyrirtækjunum og faðir hans. Hann hefur ítrekað komist í kast við lögin og hlotið dóma fyrir fjárvik.

Í nóvember 2016 var Jóhannes Gísli Eggertsson dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir umfangsmikil fjárvik úr vefverslun ELKO. Í dómnum kemur fram að Jóhannes Gísli hafi í fjögur skipti, á tímabilinu 17.–21. febrúar pantað vörur, fyrir um eina milljón króna, meðal annars

Samsung-snjallsjónvarp og iMac-fartölvu, og síðan sent falsaða greiðslukvittun í tölvupósti. Hann hafi síðan nálgast vörurnar í verslun ELKO daginn eftir. Í tvö skipti reyndi Jóhannes Gísli sama leik og freistaði þess að fá vörurnar sendar í pósti auk þess sem hann sendi annan einstakling til þess að sækja vörurnar. Þær tilraunir misheppnuðust.

Þetta var ekki fyrsta brot hans, hann hafði áður hlotið þrjá dóma fyrir auðgunarbrot.

Fréttatíminn

Fréttatíminn var áður í eigu útgáfufélagsins Morgundags sem var tekið til gjaldþrotaskipta sumarið 2017. Skömmu síðar birtist Fréttatíminn aftur á netinu í breyttri mynd, en mikil leynd hvíldi yfir því hver stæði þar að baki. DV greindi frá því í janúar 2018 að Jóhannes Gísli hefði fest kaup á léninu. Í kjölfar fyrirspurna DV var opinberað að Fréttatíminn væri í eigu Guðlaugar Hermannssonar fiskkaupanda sem þvertók fyrir aðkomu Jóhannesar að fjölmiðlinum.

Jóhannes hafði þó skrifað frétt á vef Fréttatímans þar sem hann birti myndband þar sem greina mátti rödd hans og þar sem hann titlaði sig sem blaðamann Fréttatímans. Guðlaugar hafði því sagt ósatt. Jóhannes sjálfur þvertók fyrir aðkomu sína að miðlinum í fyrstu en víðurkenndi síðan að starfa þar. Hann hefði óttast að verða dæmdur vegna fortíðar sinnar og kvaðst dreyma um að vera blaðamaður. Jóhannes Gísli neitar allri aðkomu sinni að Fréttatímanum í dag.

Á huldu er hverjir skrifa fréttir á vef miðilsins en við rannsókn blaðamanns kom í ljós áhuga-verð tenging við Eggert Skúla.

Þegar leitað er eftir nafni Eggerts á netinu má sjá fjölda fréttu af vef Fréttatímans þar sem neðst stendur Uppsetning: Eggert Skúli Jóhannesson. Þessi undirskrift er þó hulin og sést aðeins ef textinn er valinn sérstaklega.

Fréttatíminn hefur einnig bæði skrifað grein og birt auglýsingu fyrir Alheim vefsíðuhönnun en léninu alheimur.is er skráð á fyrirtækið Ice X Investments ehf. sem samkvæmt fyrirtækjaskrá er auglýsingastofa. Ice X Investments á fjöldann allan af lénnum. Meðal þeirra lóna er icelandicinfo.is. Tölvupóstfang tengiliðar er skr áð sparmye@icetraveler.is en Sparmye AS er fyrirtæki Eggerts Skúla í Noregi sem hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Frá því að Fréttatíminn fór aftur í loftið hefur einnig birst

Hafði þú synjað einhverjum um endurgreiðslu launa, vegna grunsemda um mögulegt svindl? „Já, við höfum hafnað kröfum þegar verulegur vafi hefur leikið á að sá sem gerir kröfuna, hafi raunverulega unnið hjá fyrirtækinu. Svo könnum við alltaf málin betur þegar sömu nöfnin koma fyrir aftur og aftur.“

Heimildir Fréttatímans herma að Ábyrgðarsjóður launa hafi krafist ganga sem gætu sýnt fram á að Gunnar Bender hafi raunverulega verið starfsmaður hjá fyrirtækjunum tengdum Eggerti Skúla. Við fyrstu athugun virst ekkert bókhald vera til hjá fyrirtækjunum og launaseðlarnir þóttu ótrúverðugir. Málið gæti því endað fyrir dómstólum en það kemur í ljós á næstu dögum hvað stjórn sjóðsins hyggst gera.

Glansmynd af samtökunum

Sú spurning vaknar óhjákvæmilega, hvers vegna Gunnar Bender ákvað skömmu eftir að hafa krafist vangaldinna launa frá Eggerti, að stofna með honum Hjálparsamtök bágstaddra barna.

Við fyrstu sýn virðast Hjálparsamtökin þarft

Eggert Skúli Jóhannesson

Eggert Skúli Jóhannesson hefur komið víða við í viðskiptalífinu og hefur komið að ótal mörgum fyrirtækjum. Hann rak skipasöluina Batur og kvóti ásamt föður sínum, kom að Fisksölunni ehf og seldi meðal annars íslensk- an harðfisk í Noregi. Þá hefur hann komið að icelandicinfo.is ásamt syni sínum, Jóhannesi Gísla, sem hefur verið dæmdur fyrir að svíkja peninga út úr fólki á netinu.

hjá Ríkisskattstjóra kom í ljós að ábyrgðarmenn samtakanna voru þeir Gunnar Bender og Eggert Skúli Jóhannesson.

Sagðist ekki tengjast samtökunum Fréttatíminn hafði þá samband við Gunnar Bender til að spyrja hann um peningastofnunina og samtökin. Gunnar vildi sem minnst tjá sig og sagðist einungis hafa verið fenginn til að aðstoða samtökin við markaðsmál.

Hann svaraði hverri spurningu með því að vísa á Eggert Skúla, sem hann sagði aðal- aðal- manninn í samtökunum. Síðar kom í ljós að Gunnar titlaði sig sem formann samtakanna, meðal annars í tölvupóstum til UNICEF.

UNICEF hafði nefnilega sent hjálpar- samtökunum póst með athugasemdum um hvernig vitnað var í þeirra



Skjaskot/ Fréttatíminn

„Ráðlegg þér að sleppa þessari birtingu á þessari „frétt“ því að það verða miklir eftirmálar af þessum meiðyrðum og vísvitandi rangri frásögn.“

<https://www.frettatiminn.is/2018/06/18/jardskjalfti-6-1-ad-staerd-2/>



Eggert Skúli Jóhannesson

viðtal við Eggert Skúla og myndir af honum frá viðburðum Miðflokksins svo eitthvað sé nefnt.

Ice X Investments

Sonur Eggerts Skúla, Hörður, er einn í stjórn Ice X Investments í dag. En samkvæmt samþykkt félagsins frá mars 2018 var barnsmóðir Jóhannesar Gísla formaður stjórnar þar til nýlega. Athygli vekur að bæði barnsmóðirin og Hörður eru skráð með sama netfang á skjölunum, netfang sem tengist veiði, en Eggert

Company: SPARMY AS

Address: Bringsvaeramoen 9 NO-4885 GRIMSTAD NO
Phone: +47 48283045
Email: johannes@voh.is

Skúli er mikill veiðimaður.

Hvorki náðist í Hörð né barnsmóður Jóhannesar Gísla við vinnslu fréttarinnar.

Eggert Skúli virðist einnig eiga Pintrest-síðu þar sem hann má finna möppu sem heitir Ice X Investments.

Einnig vekur athygli að Ice X Investments, skráð sem auglýsingastofa í fyrirtækjaskrá, og eigandi lénsins alheimur.is, sem hefur auglýst vefsíðugerð,


```

Whois
-----
% This is the ISNIC Whois server.
%
% Rights restricted by copyright.
% See https://www.isnic.is/en/about/copyright

domain:      frettatiminn.is
registrant:  GHE214-IS
admin-c:     GHE214-IS
tech-c:      GHE214-IS
zone-c:      SFE211-IS
billing-c:   GHE214-IS
nserver:     dns1.alheimur.is
nserver:     dns2.alheimur.is
dnssec:      unsigned delegation
created:     November 6 2017
expires:     November 6 2018
source:      ISNIC

role:        G. Hermannsson ehf.
nic-hdl:    GHE214-IS
address:     rmla 40
address:     IS-108 Reykjavik
phone:      +354 7650470
e-mail:     frettatiminn@frettatiminn.is
created:    January 11 2018
source:     ISNIC

role:        Ice X Investments ehf.
nic-hdl:    SFE211-IS
address:     rmla 40
address:     IS-108 Reykjavik
phone:      +354 7866400
e-mail:     isnic@kaupum.is
created:    March 9 2018
source:     ISNIC
    
```

Nýr og uppfærður vefur Fréttatímans hefur nú verið tekinn í notkun

Fyrir um það bil mánuði síðan hóf Fréttatíminn hönnun að nýjum vef þar sem eldri vefurinn var þyngrri í keyrslu. Núna erum við búin að setja upp öll bestu kerfi sem í boði eru 2018 og ekkert til sparað. Í vikunni var ráðist á vef RÚV og lá RÚV niðri í um þrjá tíma. Við höfum fengið á okkur margar árásir líka, einhverjir vilja þagga niður í frjálsum og óháðum miðlum, en það er ekki að fara að gerast á okkar vakt.



Allar varnir voru eflidar margfalt og fengum þar bestu sérfræðinga sem að vól er á, á heims vísu.

Fréttatíminn hefur á síðustu mánuðum vaxið alveg gríðarlega hratt og eykst umferðin um vefinn umtalsvert dag frá degi, þannig að við urðum að bregðast við því með því að ná í besta búnað sem vól er á 2018.

Við fengum 100% **pottpétta aðila** til þess að setja upp faglegan og öruggan vef fyrir okkur og þökkum þar samstafinu við **Alheim vefsíðuhönnunum** sem að er alveg frábær aðili ef að fyrirtæki vilja hafa alla hluti í lagi.

Ákvörðun var einnig tekin um að taka í notkun áskriftarkerfi en á það kerfi eingöngu við

er ekki með eiginlega heimasíðu. Ef farið er inn á slóðina ixi.is birtist aðeins texti sem vísar gestum á að hafa samband með tölvupósti. Eins hefur alheimur.is enga vefsíðu. Ice X Investments hefur jafnframt leyfi til að starfa sem upplýsingamiðstöð samkvæmt lögum um Ferðamálastofu.

Undarlegir greiðsluseðlar

Nokkrir einstaklingar greindu frá því á Facebook-síðunni Bakland ferðapjónustunnar að hafa fengið reikninga frá Ice X Investments inn á heimabanka sinn án þess að hafa átt í viðskiptum við fyrirtækið.

„Kannast forsvarsmenn fyrirtækja við hér inná að hafa fengið reikninga í heimabankann frá Ice X Investments ehf. án þess að fá nokkra skýringu fyrir hvað er ætlast til að sé greitt. Engin leið að ná heldur á þessa aðila svara engum síma og ekkert email ásamt því að skráður stjórnarformaður segist ekki vera stjórnarformaður. Veit einhver hvernig maður snýr sér í þessu þegar bankinn segist ekkert geta gert?“

Þónokkrir aðrir könnuðust við að hafa fengið slíka kröfu og áttu erfitt með að fá svör frá meintum fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins. Samkvæmt skráningu þá var það barnsmóðir Jóhannesar Gísla sem var í forsvari, en einn einstaklingur greindi frá því á þræðinum að í samtali við hana kannaðist hún ekki við að vera í forsvari fyrir fyrirtækið. Eftir að hafa fengið samband við hana fékk viðkomandi þó símtal frá starfsmanni Ice X Investments sem greindi frá því að fyrirtækið hefði áður heitið Íslensk skráning og hétu í dag Icelandicinfo. Lénið icelandicinfo.is er skráð á Ice X investments ehf.

Skjalafals

DV hefur verið í sambandi við einstakling sem hefur stöðu grunaðs manns í máli meintra fjárvika úr Ábyrgðarsjóði launa. Hann kýs að stíga fram í skjóli nafnleyndar. Hann segist ekki skilja með hvaða hætti hann hafi dregist inn í málið þar sem hann hafi enga kröfu gert í sjóðinn. Nafn hans kom þó fyrir skjölum nokkurra fyrirtækja tengdum Eggerti Skúla, bæði sem vitundavottur og meintur þátttakandi í fyrirtækjarekstrinum. Þessi maður kannast ekkert við aðkomu sína og segir kennitölu sína misnotaða og undirskrift

falsaða.

Blaðamaður hefur undir höndum afrit af löggildum skilríkjum þessa einstaklings og getur vottað að undirskrift hans þar er gerólík þeirri undirskrift sem birtist í skjölum tengdum fyrirtækjum Eggerts. Hins vegar ef þessi meinta falsaða undirskrift er borin saman við rithönd Eggerts Skúla í sömu skjölum, má þar sjá þónokkur líkindi. Þessi einstaklingur hefur stöðu grunaðs manns í málinu og segir það aðeins vegna þess að Eggert Skúli hafi misnotað kennitölu hans. Hann segir það alveg með ólíkindum hversu auðvelt er á Íslandi að misnota kennitölu annarra.

„Þá var hann búinn að vera með eitthvert fyrirtæki skilst mér og sendi kröfu til Ábyrgðarsjóðs og gaf mig upp sem starfsmann hjá þeim. Ég vissi ekkert af þessu fyrir en um 2016. Þá fékk ég reikning frá skattinum um að ég skuldaði skatt.“

Þessi einstaklingur þekkti til Eggerts og þegar Eggert hafði samband og það um aðstoð þá hafi hann grunlaus reitt fram hjálparhönd.

„Þá hafði hann samband og sagði mér að hann væri að fá eitthvert uppgjör varðandi eitthvert slys sem hann og fyrrverandi kona hans hefðu lenti í. Hann væri orðinn gjaldþrota og væri í einhverju veseni með konuna sína og spurði hvort það væri í lagi að peningurinn kæmi inn á reikning hjá mér. Og ég sagði við hann: Það er allt í lagi. Svo fæ ég greiðslu frá lögfræðiskrifstofu á Íslandi. Lögfræðingur 101 eða eitthvað. Ég var ekkert að pæla í þessu. Millifæri svo yfir á hann. Þá voru þetta aurnir sem komu frá Vinnumálastofnun. Þetta voru ekki peningar út af neinu slysi. Síðan í framhaldinu fæ ég reikning frá RSK um að ég skuldi skatt vegna þessara greiðslna. Það stóð bara á yfirlitinu hjá bankanum – Uppgjör – ekkert annað. Stóð bara lögfræðiskrifstofa 101 eða eitthvað. Það var ekkert sem sagði mér að þetta kæmi frá einhverjum opin-

„Þá var hann búinn að vera með eitthvert fyrirtæki skilst mér og sendi kröfu til Ábyrgðarsjóðs og gaf mig upp sem starfsmann hjá þeim. Ég vissi ekkert af þessu fyrir en um 2016. Þá fékk ég reikning frá skattinum um að ég skuldaði skatt.“

berum aðilum. Það stemmdi allt fyrir mér.“

Eftir að reikningurinn barst frá skattinum fór heimildarmaður DV að grafast fyrir um málið og komst að því að krafa hafi verið gerð í Ábyrgðarsjóð launa í hans nafni. Í kjölfarið segist hann hafa sett sig í samband við sjóðinn og þá hafi hjólin farið að rúlla og rannsókn á meintu misferli Eggerts hafist.

Hótanir

Eftir umfjöllun Fréttatímans árið 2016 um meint svik úr Ábyrgðarsjóði launa barst Þóru Tómasdóttur, þáverandi ritstjóra Fréttatímans, sem jafnframt skrifaði fréttina, eftirfarandi hótun frá gerviaðgangi á Facebook:

„Sæl, hlakka til að sjá þig í dag. Djöfull hlakkar mig til að leika mér að þér helvítis hór-an þín og fökkings krökkunum þínum líka. Þykist þú á Þýskalandi en býrð í raun á [X]. Fökkings hór-an þín ég sé þig á eftir ef eki þá mjög fljótlega og það sem

"logmannastofa@gmail.com"

🔍 Allt 🖼️ Myndir 📄 Kort 📺 Myndskeið ⋮ Meira

Um það bil 4.260 niðurstöður (0,72 sekúndur)

Áttirðu við: "lögmannsstofa@gmail.com"

Engar niðurstöður fundust fyrir "logmannastofa@gmail.com".

Niðurstöður fyrir logmannastofa@gmail.com (án gæsalappa):

Velkominn á vefsvæði Ice X Investments ehf.

Þú nærð á okkur í gegnum tölvupóstfangið ixi@ixi.is

SKILTAGERÐ

BÍLAMERKINGAR

BANNER-UP

SÓLARFILMUR

Ráðgjöf Hönnun Framleiðsla Uppsetning

Sundaborg 3 - 104 Reykjavík - 777 2700 - xprent@xprent.is

From: Lögmennastofa Reykjavík <logmennastofa@gmail.com>

Sent: fimmtudagur, 8. ágúst 2019 10:51

To: Erla Dóra Magnúsdóttir <erladora@dv.is>

Subject: Stefnur vegna meiðyrðamála

Sæl Erla Dóra,

Vinsamlega sendu mér kennitöluna þína og nöfn og kennitölur eigenda og ritstjóra DV ásamt heimilisföngum þeirra, vegna stefnu frá skjólstæðingum, vegna meiðyrðamála sem að ég er að afla gagna fyrir. Áriðandi er að þú sendir mér þessar upplýsingar strax í dag.

Kveðja, Ólafur



ég geri við þig mun ekki boða fött fókings tussan þín.“

Hótunin barst sama dag og umfjöllunin fór í loftið og taldi Þóra engan vafa leika á að hótunin tengdist umfjöllun hennar um Eggert Skúla.

DV birti brot úr þessari umfjöllun á dv.is á þriðjudaginn. Í kjölfarið barst blaðamanni hótun um ákæru fyrir meiðyrði frá Ólafi á Lögmennastofu Reykjavíkur. Ekki er neinum upplýsingum er fyrir að fara á netinu um þessa stofu og enginn af þeim lögmönnum sem bera fornaftið Ólafur starfar á stofu með þessu nafni samkvæmt upplýsingum úr félagatali Lögmennafélags Íslands.

Blaðamaður reyndi jafnframt að hafa samband við son Eggerts Skúla og tengdadóttur vegna málsins en fékk engin svör. Hins vegar virðist téður Ólafur hjá Lögmennastofu Reykjavíkur hafa fengið veður af fyrirspurnunum, því skömmu síðar sendi hann

blaðamanni aftur tölvupóst.

„Vil vinsamlega biðja þig um að hætta að ofsækja fólk út í bæ sem að hefur ekkert við þig að tala og hefur enga aðild.“

Blaðamaður spurði þá hvort hún væri að ræða við Eggert sjálfan eða Jóhann, son hans, undir dulnefni, en „Ólafur“ vísaði því alfarið á bug. „Þú ert hvorki að ræða við Eggert eða Jóhannes og er undrandi á þeirri hugmynd þinni.“

Yfirlýsing vegna umfjöllunar

Þar sem „Ólafur“ virðist þó hafa einhverja tengingu við þá feðga bauð blaðamaður honum að koma yfirlýsingu fyrir þeirra hönd á framfæri. Í þeirri yfirlýsingu er minnst á nafngreindan mann og hann sagður heimildarmaður DV og er ráðist að persónu hans. Verður sá hluti yfirlýsingarinnar ekki birtur.

„Eins og fram hefur komið, þá er þessum röngu ásökunum vísad á bug og mun þér verða stefnt

SKRÁÐIR AÐILAR - UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR

- Listi yfir skráða aðila skv. lögum nr. 96/2018 um Ferðamálastofu

Ath:

Við gildistöku nýrrar löggjafar um ferðamál 1. janúar 2019 féll heitið bókunarþjónusta út. Skráningar héldu gildi sínu til 1. mars 2019 en fyrir þann tíma þurftu aðilar að skóða starfsemi sína og og sækja um nýtt leyfi, annað hvort sem ferðaskrifstofa eða ferðasali dagsferða, allt eftir eðli starfseminnar.

Sýna 50 færslur

Leita: Ice x invest

Nafn starfseminnar	Starfsstöð	Póstnr.-Staður	Skirteini útgefið
Ice x Investments ehf.	Ármúli 40	108 Reykjavík	27.04.2018

Sýni 1 til 1 af 1 færslum (síað út frá 238 færslum)

Fyrri 1 Næsta



Stjórn Ábyrgðasjóðs launa er með tengsl Eggerts Skúla og Gunnars Bender til skoðunar.

Aðstandendur hjálparsamtaka barna grunaðir um svindl

persónulega og ábyrgðarmönnum DV fyrir dómstöllum vegna meiðyrða. Detti ykkur í hug að birta þetta þrátt fyrir að hafa verið leiðrétt.

Mér hefur verið tjáð hver standi að baki þessari aðför en það er ádurgreindur [maður er nafngreindur og vegið að persónuheiðri hans] eins og þú væntanlega veist sjálf og gott að það komi fram hér hversu óöruggar heimildir þínar eru. Það vegur þungt fyrir dómi. Við skipti á þessum tveimur hlutfélögum sem Eggert átti og fóru í þrot í hruninu, var ekkert sagnæmt og lokuðu skiptastjórar þeim án þess að neitt væri við þau að athuga. Verið er að fjalla um eldgamla upplogna grein sem kóperuð er úr tímariti.is og er fyrnd og ekki einu sinni talað við viðkomandi aðila.

Að vera að bendla óviðkomandi aðilum, eins og fyrrverandi tengdadóttur sem er í einhverju félagi og son sem er varamaður er fáránlegt og ég trúir því ekki að

þér detti í hug að birta það eftir að þú hefur verið leiðrétt.

Eggert er t.d. með hreina sakaskrá og stundaði heiðarleg viðskipti með kvóta og skip í um 15 farsæl ár og hefur verið í viðskiptum í yfir 30 ár án þess að hafa nokkurn tímann komist í kast við lögin. Jóhannes átti við fíknivanda að stríða sem unglingur og hefur verið ofsóttur af DV í 10 ár vegna afleiðinga þess. En hann hefur verið edrú í um fimm ár en reglulegar ofsóknir DV hafa ekki gert honum það léttara fyrir. En á því verður tekið.

Ráðlegg þér að sleppa þessari birtingu á þessari „frétt“ því að það verða miklir eftirmálar af þessum meiðyrðum og vísitandi rangri frásögn.“

Fjöldi fyrirtækja sem tengist fjölskyldunni

Rannsókn blaðamanns leiddi í ljós fjölda fyrirtækja sem virðast með einum eða öðrum hætti tengjast Eggerti Skúla. Yfir-

leitt er hann sjálfur ekki skráður beinn þátttakandi en finna má undirskriftir hans sem vitundarvott á nokkrum stöðum. Hins vegar eru fyrirtækin skráð á eiginkonu hans, syni, tengdadóttur, fyrrverandi maka hans, kunningja og aðra venslamenn. Fjöldi fyrirtækja kemur þar við sögu, ádurnefnd Ice X Investments ehf. Alexandra ehf., Is info ehf., Fisksalan ehf., H32 ehf., Íslensk skráning ehf. og Icelandic market and sales ehf. svo dæmi séu tekin. Jóhannes Gísli hefur ítrekað verið dæmdur fyrir fjármálamisferli og Eggert Skúli sætir nú rannsókn Héraðssaksóknara. Í kjölfar umfjöllunar Fréttatímans árið 2016 fékk ritstjórnin, Þóra Tómasdóttir, hótanir. Í kjölfar gjaldþrots Fréttatímans tóku nýir eigendur við en eins og rakið er hér í umfjölluninni virðast Eggert Skúli og Jóhannes einhverja tengingu hafa við miðilinn. ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

ÚTSALAN ER FULLUM GANGI!

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAD VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

SPÁ DV FYRIR ENSKU ÚRVALSDEILDINA

■ Þrír Íslendingar leika í deild þeirra bestu ■ Er hægt að stöðva lærisveina Peps Guardiola?

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is



Vinsælasta íþróttafni um allan heim byrjar aftur með látum um helgina, þá fer fram 1. umferðin í ensku úrvalsdeildinni. Íslendingar elska þessa vinsælu keppni en nú er það Síminn sem mun sýna frá deildinni, síðustu ár hefur Stöð2 Sport verið heimili enska boltans en nú er breyting þar á.

Tvö bestu liðin berjast aftur

Tvö bestu lið Englands á síðustu leiktíð voru Manchester City og Liverpool. City vann deildina með 98 stig en Liverpool fékk stigi minna. Ekkert bendir til annars en að þessi sömu lið muni slást um sigur í deildinni í ár. Manchester City hefur þétt raðir sínar á miðsvæðinu, en leiðtogi liðsins, Vincent Kompany, er hins vegar horfinn á braut. Liverpool hefur ekkert styrkt lið sitt í vetur og það gæti komið í bakið á Jurgen Klopp þegar fram líða stundir. Manchester City er nýi risinn í enska boltanum, félagið hefur mikið fjármagn og besta þjálfara deildarinnar, Pep Guardiola. Erfitt verður að sjá annað lið vinna deildina í ár.

Íslendingar í sviðsljósinu:

Þrír íslenskir leikmenn verða með í deildinni í ár. Gylfi Þór Sigurðsson verður í lykilhlutverki hjá Everton. Liðið ætlar sér stóra hluti og hefur keypt nokkra öflugra leikmenn en Gylfi verður áfram stjarna liðsins. Hann sér um að

skapa færi fyrir sóknarmennina, þá skorar Gylfi iðulega í kringum 10 mörk, afar sterkt vopn hjá miðjumanni. Jóhann Berg Guðmundsson mun leika stórt hlutverk hjá Burnley eftir erfitt síðasta tímabil þar sem Jóhann var mikið meiddur. Þó er talið að Jóhann verði algjör lykilmáður. Hann spilaði vel þegar hann var heill heilsu á síðustu leiktíð. Þá er Birkir Bjarnason á mála hjá Aston Villa en ekki er víst hvaða hlutverk hann fær. Hann lék lítið á síðustu leiktíð þegar Villa kom sér aftur í deild þeirra bestu. Birkir skoraði á undirbúningstímabilinu og vonast eftir því að fá tækifæri, og grípa það.

Risar sem vilja vakna

Manchester United hefur sitt fyrsta heila tímabil með Ole Gunnar Sol-skjær við stýrið, varnarlína liðsins hefur styrkt mikið en miðsvæðið er veikasti hlekkur liðsins. Ander Herrera hefur horfið á braut og ekkert hefur komið í hans stað, liðið vonast til að komast aftur í hóp þeirra bestu en til þess þarf allt að smella. Chelsea er með Frank Lampard í stjórstólum, liðið hefur ekkert getað verslað í sumar vegna félagaskiptabanns. Það er því óvíst hvað Chelsea gerir, enda fór besti maður liðsins, Eden Hazard. Arsenal hefur styrkt sóknarleik sinn en varnarlína liðsins er brotthætt, þar hefur Unai Emery ekkert styrkt sinn veikasta hlekk. Tottenham, sem hefur staðið sig vel síðustu ár, er með lítið breytt lið og spurning hvort ólgan í Mauricio Pochettino, stjóra liðsins, hafi áhrif.



Spá DV

Blaðamenn DV hafa sett saman spá fyrir deildina en því er spáð að Manchester City vinni deildina, Liverpool og Manchester United komi þar á eftir. Arsenal og Chelsea missa svo af sæti í Meistaradeildinni ef spáin gengur eftir. Því er spáð að Gylfi Þór Sigurðsson og félagar endi í áttundi sæti, Burnley með Jóhann Berg Guðmundsson endi í 15 sæti og Aston Villa með Birki Bjarnason sæti neðar. ■

Spá DV fyrir ensku úrvalsdeildina

- | | |
|----------------------|----------------------|
| 1. Manchester City | 11. West Ham |
| 2. Liverpool | 12. Bournemouth |
| 3. Manchester United | 13. Newcastle |
| 4. Tottenham | 14. Crystal Palace |
| 5. Arsenal | 15. Burnley |
| 6. Chelsea | 16. Aston Villa |
| 7. Leicester | 17. Southampton |
| 8. Everton | 18. Brighton |
| 9. Wolves | 19. Norwich |
| 10. Watford | 20. Sheffield United |

1. umferðin: Föstudagur 11. ágúst:

18.45 Arsenal - Leicester

Sunnudagur 13. ágúst:

12.30 Newcastle - Tottenham
15.00 Manchester United - West Ham

Laugardagur 12. ágúst:

11.30 Watford - Liverpool
14.00 Chelsea - Burnley
14.00 Crystal Palace - Huddersfield
14.00 Everton - Stoke
14.00 Southampton - Swansea
14.00 WBA - Bournemouth
16.30 Brighton - Manchester City



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one[®]
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is




Framúrskarandi tannheilsa

9. ágúst 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is





HEI MEDICAL TRAVEL:

Fjölbreyttar lækni-meðferðir erlendis

Hei Medical Travel er íslenskt fyrirtæki sem aðstoðar fólk við að velja sér góða heilbrigðisþjónustu erlendis, en markmið þess er að auðvelda fólki að sækja sér góða heilbrigðisþjónustu með hagkvæmum hætti.

Þéttur hópur bak við fyrirtækið

Bak við fyrirtækið standa þau Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur, Leifur Steinn Elísson hagfræðingur og Sigrún Lilja Guðjónsdóttir viðskiptakona, en öll hafa þau fjölþætta reynslu úr atvinnulífinu. „Hópurinn sem stendur bak við HEI Medical Travel gerir sér grein fyrir því að langtíma velferð viðskiptavina er lykilatriði varðandi velgengni þeirra,“ segir Guðjón Sigurbjartsson.

Ýmis þjónusta í boði

HEI Medical Travel býður upp á þá heilbrigðisþjónustu sem mest þörf er á og tengir viðskiptavinum sína við fagaðila í hinum ýmsu löndum.

Megrunaraðgerðir

Talsverður fjöldi fólks, sem er í ofþyngd, leitast við að bæta heilsu sína með því að fara í þyngdarstjórnandi aðgerðir svo sem magaermi eða magahjáveitu. Magabandið er á undanhaldi og læknar almennt hættir að mæla með því.

Aðal samstarfsaðili þeirra á þessu sviði er KCM sjúkrahúsið í Suður-Póllandi.

Kostnaðurinn er 5.490 € eða um 750.000 miðað við núverandi gengi. Innifalið er nánast allt sem lýtur að aðgerðinni, en flugið sem er ódýrt beint flug með Wizz air, er ekki innifalið.

Tannlækningar

Vinsælt er að fara í tannviðgerðir til Búdapest en HEI Medical Travel er í samstarfi við Helvetic Clinics, en hún er marverðlaunuð hággæða tannlæknaklíník í miðborg Búdapest. Helvetic er fornt rómanskt heiti á Sviss, enda er stofan að hluta til í eigu Svisslendinga, sem hefur góð áhrif á gæði þjónustunnar. Helvetic er sambyggð hótelinu 12 Revay, sem er mjög þægilegt þegar oft þarf að fara á milli. Bilstjóri sækir fólk á flugvöllinn og skilar því aftur að dvöl lokinni. Stöðin er með ISO vottun og kappkostar að stunda vönduð vinnubrögð og forðast oflækningar.



Kostnaður hjá Helvetic er um það bil helmingurinn af því sem gengur og gerist hér á landi. Ferðakostnaður bætist við en hann er mjög hagkvæmur og gott að vera í Búdapest sem er áhugaverð borg í Ungverjalandi og vinsæll áfangastaður.

Fegrunarlækningar – Lýtalækningar

Fyrir stuttu bætti HEI Medical Travel við lýtalækningarþjónustu og bjóða upp á nokkra valkosti hjá framúrskarandi og öruggum heilbrigðisstofnunum í Búdapest, Póllandi og Tyrklandi. Stofan í Búdapest heitir Dr. Rose og er lúxusstofa á fallegum stað við Dóná.

Það er auðvelt að hafa samband við okkur gegnum heimasíðuna hei.is

Svo má senda póst á hei@hei.is og hringja í síma 820-0725.





Tannheilsuferðir sem fá þig til þess að brosa allan hringinn

Þau Rósa Kristín Benediktsdóttir og Gunnar Jónatansson hófu samstarf við Madenta í Búdapest fyrir rúmi ári og hafa yfir tvö hundruð Íslendingar farið á þeirra vegum til Ungverjaland í þeim tilgangi að þiggja fyrsta flokks tannlæknaþjónustu á frábæru verði. Madenta var stofnuð árið 2000 og hefur verið í fremstu röð tannlæknastofa í Ungverjalandi undanfarin 19 ár. Tannlæknar Madenta eru sérhæfðir á öllum sviðum tannlækninga, m.a. almennum tannlækningum, tannfegrunaráðgerðum, gerð tannplanta, skurðaðgerðum, tannsmíði og barnatannlækningum. Hjá Madenta vinna tannlæknar með allra nýjustu tækni og vörumerki eins og KAVO lækningatæki, CB-CT sneiðmynda-tæki, almennar svæfingar, Arcus Digma tann/kjálkaréttinga búnað, 3D prentuð stoðtæki, Nobel Biocare og Alpha Bio tannplantakerfi o.s.frv. Fram til þessa hafa yfir 75.000 viðskiptavinir leitað til stofunnar og fjöldgar ánægðum viðskiptavinum á ári hverju.

Fyrsta skrefið er tekið á Íslandi!

„Við ráðleggjum öllum þeim sem hafa áhuga á tannheilsuferðum til Búdapest að byrja ferlið hér heima. Fyrsta skrefið er að útvega OPG röntgenmynd hjá einum af þeim tannréttingasérfræðingum sem bjóða upp á þær og við getum vísað á. Slík myndataka kostar oftast rétt um 6.000 kr. og þegar henni er lokið fáum við myndina senda og komum henni til tannlæknanna hjá Madenta. Þeir skoða myndina og út frá henni geta þeir gefið 90–95% nákvæma meðferðar- og kostnaðaráætlun án allra skuldbindinga. Einnig liggur fyrir allur sá tími sem meðferðin mun taka

og fjöldi ferða,“ segir Gunnar. Stundum eru gefnir upp tveir eða fleiri kostir á meðferð sem fólk velur á milli. Á þessu stigi getur fólk annaðhvort valið að hætta alfarið við eða halda áfram. „Þetta fyrsta skref, sem er tekið hér heima, er gríðarlega mikilvægur hluti af þjónustunni sem við bjóðum upp á. Við viljum að fólk viti að hverju það gengur áður en það fjárfestir í flugmiða, gististað og fleira.“

Ef fólk ákveður að skella sér á meðferð þá nefnir það tímasetningu sem hentar því og Gunnar eða Rósa hafa samband við Madenta til að panta tíma. Fjöldi ferða fer eftir umfangi meðferðarinnar. „Í mörgum tilfellum er nóg að fara eina ferð út, en sumar meðferðir krefjast þess að viðskiptavinur fari út oft. Það á þá frekar um skurðaðgerðir eins og tannplanta og þess háttar.“

Hópfærið í tannlækningar

Þau Gunnar og Rósa hjá Madenta bjóða líka upp á hópfærið í tannlækningar til Búdapest. „Núna 12.–19. október munum við fara út með annan hópin okkar. Þá bjóðum við upp á túlkþjónustu auk þess verður íslenskur leiðsögumaður með í för sem fer með hópin í skoðunarferð um borgina. Ferðin er ein vika og farið er út á laugardegi. Meðferðardagarnir eru mánudagur til föstudags. Stofan tekur ekki við öðrum viðskiptavinum þessa viku og verður því undirlögð af Íslendingum. Kosturinn við svona hópfærið er sá að þá kynnist fólk, sem hefur ekki komið áður til Búdapest, staðarháttum, og ef það þarf að fara fleiri ferðir til þess að klára meðferð hjá Madenta, er mun auðveldara að fara aftur á eigin vegum. Við búumst við að það seljist von bráðar upp í þessa aðra ferð okkar, enda komast

ekki nema tuttugu manns með. Það er því um að gera að skrá sig sem fyrst ef fólk hefur hug á að koma með.“

Það þarf allt að vera 100%

Túristatannlækningar eru nokkuð frábrugðnar því sem við eigum að venjast hjá tannlæknum hér heima. Þegar um er að ræða viðskiptavini sem búa í öðru landi verður enn mikilvægara að fá nákvæma áætlun fyrir meðferð, kostnað og tíma. Einnig verður enn mikilvægara að allt sé gert eins vel og hægt er, því sjúklingur getur ekki einfaldlega skotist aftur í skoðun eða smávægilegar lagfæringar. „Í Ungverjalandi og sérstaklega í Búdapest hefur myndast gríðarleg reynsla í heilsutengdri ferðaþjónustu og má segja að þeir séu algerir frumkvöðlar á þessu sviði túrísma. Ástæðan er óneitanlega verðlagið sem og gæðin á þjónustunni sem veitt er.“

Madenta í hjarta Búdapest

Búdapest er ein af fegurstu borgum Evrópu og á sér magnaða sögu sem er sérlega gaman að kynna sér. Einnig er verðlagið í borginni afar hagstætt, í mat, drykk, gistingu og öðru upphaldi. Auk þess er stóran hluta ársins hægt ferðast til Búdapest með beinu flugi allt að þrisvar í viku og flugið er í ódýrari kantinum. „Það er ódýrara að fljúga til Búdapest en að taka flugið til Akureyrar.“ Madenta tannlæknastofan er svo staðsett í hjarta miðborgarinnar. „Okkar samstarfsaðilar bjóða upp á flotta gististaði hvort sem um er að ræða hótél eða íbúðir sem eru staðsettar í um 200–300 metra fjarlægð frá Madenta. Það er því allt í göngufjarlægð, Madenta, gististaða og miðbærinn, og engin þörf á

að nota almenningssamgöngur eða leigubíla til þess að komast á milli.“

Svo miklu meira en bara tannlækningarferðir

Ungverjar eru að sama skapi þekktir fyrir aðra heilsutengda ferðaþjónustu og er þar í boði gífurlegt úrval af fyrsta flokks spa-meðferðarstofum þar sem boðið er upp á andlitsmeðferðir, hvers kyns nudd- og snyrti-meðferðir, heit náttúruböð, leirböð og fleira. Einnig er vinsælt að kaupa sér gleraugu í leiðinni en verðlagið í Búdapest á umgjörðum og glerjum er sérlega hagstætt.

3–5 ára ábyrgð á krónum og brúm og eilífðarábyrgð á tannplöntum

„Við Íslendingar höfum ekki vanist því að ábyrgð fylgi þeim tannmeðferðum sem við göngumst undir, en hjá Madenta ábyrgjast tannlæknarnir árangur á öllum þeim meðferðum sem viðskiptavinur gengst undir. Ef svo ólíklega vill til að viðskiptavinur upplifi að meðferð hafi ekki tekist sem skyldi, þá getur hann fengið alla eftir meðferð og vinnu sér að kostnaðarlausu hjá Madenta, innan þess tíma sem ábyrgðin gildir. En langflest slík tilfelli koma upp á fyrstu vikum og mánuðum eftir meðferð.“

Nánari upplýsingar um Madenta og tannheilsuferðir má finna á heimasíðunni madenta.is

Madenta er einnig á Facebook: Madenta Dental Clinic
Frekari upplýsingar eru veittar í vefpósti: island@madenta.eu
Eða í síma: 664-6550 eða 664-6555.

Fólk velur Kreativ Dental Clinic vegna sérfræðipekkingar og góðrar þjónustu

Ég heyrði fyrst af Kreativ Dental Clinic þegar ég var í meistaranámi í alþjóðahagfræði í Búdapest. Læknanemar sem ég kynntist ræddu um tannlæknastofuna og minntust á að þetta væri ein besta tannlæknastofa í Evrópu. Fólk gerði sér ferð til Búdapest hvaðanæva úr heiminum, meðal annars frá Danmörku og Noregi til þess eins að gangast undir tannmeðferðir hjá stofunni. Ég varð hissa að heyra þetta því ég hafði alltaf heyrt að heilbrigðiskerfið í Skandinavíu væri vel rekið og frekar ódýrt fyrir notendur. Ég varð forvitinn um þessa rómuðu stofu og kynnti mér málið," segir Grímur Axelsson, umboðsmaður Kreativ Dental á Íslandi, sem búsettur er í Búdapest.

Tannlæknar og tannsmiðir sem eru hoknir af reynslu

Grímur uppgötvaði að Kreativ Dental er engin venjuleg tannlæknastofa, a.m.k. ekki í þeirri merkingu sem við leggjum í orðið hér heima. Þetta er stór tannlæknamíðstöð sem hefur yfir að ráða fjórtán tannlæknastofum í hæsta gæðaflokki. Hjá miðstöðinni starfa fjórtán tannlæknar og tann-sérfræðingar í fullu starfi undir sama þaki. Þeir eru rötarsérfræðingar, tannholdssérfræðingar, sjö almennir tannlæknar, tveir tannplantsérfræðingar og þrjú „Maxillio“ kjálka-skurðlæknar, sem sjá um flóknustu kjálkaskurðaðgerðirnar. Hjá Kreativ Dental starfa einnig yfir tuttugu tannsmiðir, af þeim eru fimm meistarar, á einu fullkomnasta tannsmiðaverkstæði í Evrópu. Einnig eru þar sýnikennarar fyrir stærsta postulínsframleiðanda í heimi, Vita, sem er þýskt fyrirtæki. Allir þessir sérfræðingar hafa unnið hjá Kreativ Dental í fjölda ára og býr stofan yfir rúmlega 20 ára reynslu við flóknustu tannsmiði og tannviðgerðir. Til stendur að opna nýtt tannsjúkrahús á vegum Kreativ Dental seinna á þessu ári, þar sem fyrirhugað er að einblína á beinigræðslu og tannlækningar undir fullri svæfingu og bjóða upp á fastar heildarlausnir í tannplöntum og öðru. „Þangað er búið að ráða einn fremsta kjálkaskurðlækni í Evrópu, en hann starfaði áður sem prófessor og er yfirlæknir í meðferðarstöðinni í Brugge í Belgíu, sem sérhæfir sig í lagfæringum á skarði í vör.“

Lifði lengi vel á orðspori einu saman Miðstöðin er í fyrsta sæti af 73 skráðum tannlæknastofum í Ungverjalandi. Eignendur miðstöðvarinnar er metnaðarfull tannlæknafjölskylda sem er annað um orðspor sitt og kappkostar að bjóða upp á bestu þjónustu sem völ er á. „Árið 2016 ákvað ég að gerast umboðsmaður fyrir Kreativ Dental á Íslandi og hóf að koma Íslendingum í samband við sérfræðinga Kreativ Dental. Lengi vel auglýsti Kreativ Dental ekki og lifði einungis á góðu orðspori. Hið góða orðspor Kreativ Dental barst manna á milli og fólk hafði samband við okkur. Undanfarið eitt til tvö ár hafa fleiri aðilar á Íslandi farið að bjóða upp á almenna þjónustu í samstarfi við aðrar erlendar tannlæknastofur. Við sáum að það var kominn tími til þess að vera sýnilegri á markaðnum, bæði fyrir okkur og framtíðarviðskiptavinum okkar.“

Ábyrgjast gæði

„Tannlæknamíðstöðin Kreativ Dental



er ávallt með nýjustu ISO 9001 gæðavottun og er reglulega tekin út af Lloyd's Register. Kreativ Dental býður 5–6 ára ábyrgð á krónu- og brúarsmiði, sem er ein lengsta ábyrgð í Evrópu. Aðeins þarf að fara í skoðun hjá tannlækni á um það bil árs fresti, annaðhvort fritt hjá Kreativ Dental í Búdapest eða hjá sínum tannlækni á Íslandi. Eins hefur Kreativ Dental samstarfstanlækni á Íslandi sem tekur vel á móti okkar fólki. Eftir því sem ég best veit fylgir engin ábyrgð á viðgerðum hjá íslenskum tannlæknastofum en einhverjar tannlæknastofur erlendis bjóða upp á þriggja ára ábyrgð, en þá þarf að koma til þeirra í skoðun á sex mánaða fresti. Til að halda ábyrgðinni hjá Kreativ Dental er nauðsynlegt að mæta um það bil árlega í tannskoðun, hvort heldur er hjá eigin tannlækni heima á Íslandi, samstarfstanlækni Kreativ Dental á Íslandi eða í skoðun hjá Kreativ Dental í Búdapest en sú skoðun er ókeypis. Ábyrgðin fellur ekki úr gildi þó svo að fólk þurfi að fara í aðrar tannviðgerðir annars staðar en hjá Kreativ Dental, en tannlækarnir hjá Kreativ Dental vilja og þurfa vissulega að fá að fylgjast með sínu fólki.“

Persónuleg þjónusta á íslensku í gegnum allt ferlið

Kreativ Dental leggur mikið upp úr persónulegri þjónustu. Miðstöðin er með þjónustuborð á flugvælinum í Búdapest þar sem vel er tekið á móti gestum tannlæknastofunnar. Þar fær viðskiptavinurinn upplýsingar um tíma í skoðun og bílstjóri Kreativ Dental ekur viðkomandi á samstarfshótel tannlæknamíðstöðvarinnar. „Hátt í fjörutíu Íslendingar nýta sér þjónustu okkar í hverri viku. Þeir sem eru að ferðast einir á vegum Kreativ Dental rekast því strax á landa sína við þjónustuborðið á flugvælinum í Búdapest. Á hótelinu er því enginn einn og fólk miðlar og ræðir um reynslu sína. Hjá Kreativ Dental starfar þjónustustjóri sem talar reiprennandi íslensku og er viðskiptavinum okkar til halds og trausts. Hann starfar einnig sem túlkur á milli viðskiptavinar og tannserfræðinga, ef þess er óskað.“ Allt ferlið getur farið fram á íslensku fyrir þá sem vilja en þess má geta að allir tannlæknar

eru enskumælandi. „Einnig er ég á staðnum sem umboðsmaður Kreativ Dental á Íslandi. Eftirfylgni af hálfu Kreativ Dental fer svo að sama skapi fram á íslensku og er fólk hvatt til að vera áfram í góðu sambandi við okkur eftir að meðferð lýkur.“

Verð, gæði og tímasparnaður

Ástæður þess að fólk, hvaðanæva úr heiminum, velur Kreativ Dental Clinic frekar en aðrar stofur eru margvíslegar en þær helstu eru verð, gæði á þjónustu og tímasparnaður. „Hjá Kreativ Dental eru engin falin gjöld. Verðlisti á meðferðum er fullkomlega gegnsær. Ef þú kaupir tannplantmeðferð, kostar hún 680 evrur. Það bætist ekkert aukalega við aðgerðina, eins og að opna fyrir tannplanta, deyfing, notkun á skurðáhöldum, verð fyrir grisjur eða annað. Sama gildir um aðrar meðferðir eins og til dæmis kinnholulyftingu (e. sinus lift). Reynsla og gæði eru helstu ástæður þess að fólk tekur Kreativ Dental fram yfir aðrar tannlæknastofur en fram hefur komið að þar starfa einhverjir af fremstu tannserfræðingum heims. Árið 2015 var Kreativ Dental Clinic valin tannlæknastofa ársins í Evrópu af International Medical Travel Journal. Árið 2017 valdi Global Health and Pharma hana tannlæknastofu ársins í heiminum. Ári síðar var hún valin tannlæknastofa ársins í heiminum af IMTJ. Á þessu ári gáfu viðskiptavinir tannlæknastofa viðs vegar í heiminum Kreativ Dental hæstu einkunn og fékk tannlæknastofan viðurkenningu þess efnis. Tímasparnaður er einn af kostunum við að velja Kreativ Dental. Allir sérfræðingar Kreativ Dental, eins og tannlæknar og tannsmiðir, eru undir sama þaki og vinna náið saman að því að skipuleggja og halda utan um meðferðarferli viðskiptavinarins. Allt fer fram á skilvirkan og þægilegan hátt og fólk er yfirleitt búið áður en það veit af.

Það fer eftir því hve mikið inngripið er og hve mikið er verið að lagfæra hversu oft þarf að koma í heimsókn. Allir okkar viðskiptavinir byrja á því að mæta í skoðun, myndatöku og fá meðferðaráætlun sem miðar að því að koma tannheilsunni í lag. Það ferli getur tekið um 2–3 klst., er án skuldbindingar og kostar ekki neitt.

Í sumum tilfellum kemur í ljós að það þarf ekkert að gera við, í öðrum tilfellum þarf að fara fram viðgerð. Ef í ljós kemur að viðkomandi þarf aðast tannviðgerðar og jafnvel fleira því tengt setja sérfræðingar Kreativ Dental upp nákvæma kostnaðar- og meðferðaráætlun, viðskiptavininum að kostnaðarlausu. Út frá því ákveða viðskiptavinir hvað þeir vilja gera, hvaða tími hentar þeim fyrir meðferð og fleira. Þjónustustjóri er til halds og traust í gegnum allt þetta ferli. Á þessum tímamarki hefur viðskiptavinur ekki borgað krónu fyrir þjónustu Kreativ Dental og hann er ekki skuldbundinn til þess að hefja meðferð hjá stofunni. Ef meðferðir eru flóknar og þarf að framkvæma í mörgum skrefum er ekki óalengd að viðskiptavinir komi 2–3 sinnum til okkar í Búdapest en vert er að geta þess að ferlið tekur ótrúlega stuttan tíma.“

Tannsmiðanemar frá Íslandi sækjast eftir að komast í starfsnám til Kreativ Dental

„Það er gaman frá því að segja að íslenskir tannsmiðanemar hafa undanfarið sóst eftir því að komast í starfsnám hjá Kreativ Dental. Í haust hefur Kreativ Dental boðið að taka tvo íslenska tannsmiðanema í starfsnám og verður spennandi að fá þá í okkar hóp,“ segir Grímur og býður íslensku tannsmiðanemana velkomna til Búdapest.

Hafir þú áhuga á að kynna þér málið frekar, eða hefja meðferð hjá Kreativ Dental Clinic, gerðu svo vel að hafa samband í síma 859-9403 eða sendu vefpóst á grimur@kreativ-dentalclinic.eu

Nánari upplýsingar um verð og þjónustu má nálgast á heimasíðunni: kreativdental.is

Fylgstu með á Facebook: Kreativ Dental Ísland

Einnig er óháður spjallhópur á Facebook þar sem fyrrverandi viðskiptavinir Kreativ Dental og áhugasamir geta átt samskipti um þjónustu stofunnar, fundið sér ferðafélaga og spjallað um hvað sé vert að gera í heimsborginni Búdapest: Tannlækningar í Búdapest- Kreativ Dental-spjallhópur

Var orðinn úrkula vonar og leið illa andlega út af ástandinu

Arnór Hermannsson er einn þeirra sem hafa nýtt sér sérfræðipjónustu Kreativ Dental Clinic og ber tann sérfræðingum þessarar ungversku tannmeðferðarstofu vel söguna. Hann fór til Búdapest í október 2017 með konu sinni, Helgu Jónsdóttur, til þess að ráða bót á vanda sínum.

„Alltaf meðvitaður um útlit mitt“

Arnór átti ekki sjö dagana sæla enda vantaði hann nokkrar tennur sem gerði eðlilegustu hluti eins og að tryggja og hlæja vandasama. „Mér var farið að líða mjög illa andlega út af ástandi mínu og alltaf meðvitaður um útlit mitt. Ég gat ekki hlegið eðlilega því það vantaði framtennur, auk þess vantaði jaxla og það var hreinlega erfitt að tryggja matinn með þeim fáu tönnum sem eftir voru. Ég var frekar slæmt tilfelli og hafði alls ekki efni á að láta gera þetta á Íslandi. Ég var því orðinn úrkula vonar um bót á mínum málum.“

„Get ekki lýst tilfinningunni“

Það var þá sem Arnór frétti af Kreativ Dental Clinic. „Ég las grein í dagblaði, sem leiddi mig síðar á heimasíðu þeirra. Ég fór til Búdapest í fyrstu heimsókn í október 2017. Það var vel tekið á móti mér og eftir skoðun var orðið ljóst að það þurfti að gera margt til þess að koma tönnum í samt form. Ég þurfti 7 implanta, slatta af krónum og 2 brýr. Ég get varla lýst tilfinningunni þegar tannlæknarnir á KDC færðu mér þær fréttir að allt þetta væri hægt að laga. Þetta tæki þó sinn tíma því góðir hlutir gerast hægt. Og þegar ég las verkáætlun þeirra með öllum kostnaði þá varð gleðin ekki minni. Verðmunurinn var gífurlegur, allt að 50–70% ódýrara en á Íslandi.“

Stórkostlegur árangur

Arnór ber tann sérfræðingum Kreativ Dental Clinic vel söguna. „Þegar kom að tannsmiðinni þá gat ég ekki verið hjá betri smiðum. Kreativ Dental Clinic hefur fjölda tannsmiða á sínum snærum og eru þeir allir í byggingunni. Ég sendi þeim myndir af mér á ýmsum aldurs skeiðum sem sýndu tennur mínar eins og þær voru áður en ég missti þær. Þeir notuðu myndirnar sem viðmið og smíðuðu tennur út frá þeim. Árangurinn varð stórkostlegur. Þökk sé snilld þessara tannsmiða fékk ég tennur sem eru nákvæmlega eins og þær sem ég missti. Tannsmiðin hjá Kreativ Dental var gerð í nokkrum skrefum og eftir hvert skref var allt mátað og tannsmiðirnir fóru yfir verkið með mér og tannlækninum áður en smiðinni var haldið áfram. Þegar kom að postulínskrónunum var allt mátað upp á nýtt og farið yfir lit og lögun tanna með postulíns sérfræðingi tannsmiðaverkstæðisins og tannlækninum mínum. Ef allir eru sáttir er smiðin kláruð, ef ekki þá er hægt að gera breytingar áður en lengra er haldið. Ég hef ekki heyrt um tannlæknastofu sem er með eigið tannsmiðaverkstæði af þessum gæðum innanhúss, heldur senda þær flestar verk sín á tannsmiðaverkstæði úti í bæ og koma þau fullkláruð til baka og þurfa þá að passa. Það er þáttur tannsmiða Kreativ Dental í mínu ferli sem ég er hvað ánægðastur með og var það mjög traustvekjandi að fá að vera með í öllu ferlinu með tannlækninum og tannsmiðunum. Fátt hefur glatt mig meira en árangur þessara tannlæknaferða til Kreativ Dental Clinic í Búdapest.“



Helga Jónsdóttir var þjökuð í tíu ár

Ég var búin að þjást af flökkuverkjum bæði í efri og neðri kjálka í um 10 ár. Það var búið að reyna að gera allt fyrir mig og ég hafði leitað til nokkurra tannlækna hér á landi. Einnig var komið að því að ég þyrfti einn til tvo implanta en það verð sem mér bauðst hér á Íslandi var of hátt fyrir mig,“ segir Helga Jónsdóttir.

Helga heyrði fyrst um Kreativ Dental Clinic á Facebook og las síðar blaðaviðtal við Grim Axelsson, umboðsmann Kreativ Dental Clinic á Íslandi. „Forvitni mín vaknaði eftir þennan lestur og þarna eygði ég von um að ég og eiginmaður minn, Arnór Hermannsson, gætum fengið tannlæknaþjónustu á viðráðanlegu verði. Eftir símtal við Grim og eftir að hafa skoðað heimasíðu tannlæknaþjónunnar, sem er á íslensku, þá var lagt á ráðin og undirbúin ferð til Búdapest.“

Óttinn sem reyndist ástæðulaus

„Það sem skipti sköpum í ákvörðun okkar var að hafa íslenskan umboðsmann og íslenska vefsíðu. Þetta var strax allt mjög traustvekjandi, því það sem ég óttaðist mest var hversu

ókunnug ég var í Búdapest. Myndi ég rata á hótelið? Hvernig kæmist ég fram og til baka frá tannlæknastofunni?“ Þessi ótti reyndist algjörlega ástæðulaus og öll sú þjónusta sem Kreativ Dental Clinic veitti átti eftir að koma Helgu verulega á óvart. „Það gekk allt fyrst og fremst út á velferð okkar allan tímunn.“

Var mjög hrædd við tannlækna og tannlækningar

„Ég fór í fyrstu skoðun í október 2017. Þegar við hjónin lentum í Búdapest tók Kreativ Dental strax á móti okkur við þjónustuborð sitt á flugvællinum. Bilstjóri tannlæknaþjónunnar beið eftir okkur og keyrði okkur á hótelið. Bilstjórinn sá einnig um að koma okkur til og frá tannlæknaþjónunni. Svo rann upp fyrsti dagurinn hjá tannlæknaþjónunum. Ég kveið þessu hræðilega því ég er eins og flestir; mjög hrædd við tannlækningar.“

Loks kom ástæðan fyrir flökkuverkjum

„Eftir myndatökur og skoðun þá útskýrði tannlæknirinn hvað þyrfti að gera fyrir mig. Þarna kom í ljós

ástæðan fyrir þessum flökkuverkjum sem höfðu þjakað mig í 10 ár! Ég var með sýkingu í beini undir/yfir rötfulltum tönnum og ekkert annað í stöðunni en að fjarlægja þær. Það var gert en þá kom í ljós að ein tönna var sérfræðingstilfelli og þurfti skurðaðgerð til að ná henni. Þá var ekkert verið að biða. Mér var fylgt strax í aðra byggingu við hliðina og þar beið teymi eftir mér og málið klárað.“

„Tilfinningin er dásamleg“

Þá var fyrsta áfangi af þremur lokið hjá Helgu. „Nú þurfti ég að fara heim til Íslands og sárin að gróa, svo hægt væri að setja implant. Allt í allt tók þetta átján mánuði og eru orðnir þrjú mánuðir síðan ég lauk mínu ferli. Í dag er dásamleg tilfinning að vera búin að fá tannheilsuna aftur. Mitt tilfelli var ekki flókið ferli eins og hjá mörgum sem ég kynntist þarna úti, en það var þó aðeins á valdi sérfræðinga að finna og leysa vandamálið og það gerðu þeir svo sannarlega á Kreativ Dental Clinic. Tíu ára verkjasögu minni lauk þar.“





14 ára starfsreynsla og tannkrónur á 48 klukkustundum

Indexmedica er ein stærsta og nútímalegasta tannmeðferðarstofa Póllands og hefur starfað sem einkastofa síðan 2006. Stofan býr yfir þrettán ára reynslu í heilsutúrisme og hefur verið með ISO 9001 vottun síðan árið 2008. Stofan var valin ein af fimm bestu tannlæknastofum Póllands af Global Clinic Rating.

Ferlið hjá Indexmedica er afar einfalt. „Viðskiptavinurinn bókar flugið og við sjáum um restina. Við bókuðum hóteltönginguna, far frá flugvellið á hótelið sem og tímapantanir hjá tannlæknum Indexmedica. Stofan er staðsett í hinni gullfallegu Kraká í Póllandi og geta viðskiptavinir notið ómetanlegra menningarverðmæta, skemmtilegra skoðunarferða og afar hagstæðs verðlags, allt á meðan þeir öðlast bros drauma sinna með hjálp hinna færu tannlækna Indexmedica,“ segir Jadwiga Szymbeczko, framkvæmdastjóri Indexmedica.

14 ára starfsreynsla

„Meðalstarfsreynsla tannlækna Indexmedica er rúmlega fjórtán ár og fara þeir reglulega í endurmenntun og endurþjálfun til þess að geta veitt viðskiptavinum stofunnar bestu þjónustu sem völ er á.“ Tannmeðferðum fylgir í flestum tilfellum eins til fimm ára ábyrgð og í sumum tilfellum er ævilöng ábyrgð.

Snögg afgreiðsla á keramikkrónum

Indexmedica býður upp á afar breitt úrval af tannmeðferðum en þær vin-

sælustu meðal erlendra viðskiptavina tannmeðferðarstofunnar eru tannplantar, krónur, brýr, postulínskeljar, fyllingar og tannhvíttun. „Að auki erum við útbúin stafrænum munnhols-skanna sem gerir okkur kleift að fullgera keramikkrónur á tveimur sólarhringum, en þessi snögga afgreiðsla hefur hentað erlendum gestum okkar einkar vel.“

Indexmedica tannmeðferðarstöðin býður upp á töluvert af þjónustu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu

Fritt far, með enskumælandi bílstjóra, frá flugvellið í Kraká á gististað.

Við bókuðum fyrir þig gistingu fritt á hótelið okkar eða samstarfshótelið.

Sjúklingar sem eru að koma í fyrsta skipti fá alltaf a.m.k. eina fría gistinótt á hótelið okkar.

Aðstoð enskumælandi þjónustustjóra er í boði allan sólarhringinn án endurgjalds.

Tannskoðun og viðtal við einn af okkar hæfileikaríku tannlæknum.

Nákvæm meðferðar- og kostnaðaráætlun sem og tímaáætlun án skuldbindingar.

Stafrænar Panorama röntgenmyndatökur sem og RVG stafrænar myndatökur af einstaka tönnum gegnum allt meðferðarferlið. Einnig eru stafrænar myndatökur af munnholi og tönnum með munnholsmyndavél friar.

Staðeyping og fjarlæging á saum-

um eftir skurðaðgerðir.

Index Medica bókar fyrir þig fritt í skoðunarferðir um Kraká eða í nágrenninu, svo sem saltnáumurnar í Wieliczka, Auschwitz, Zakopane og fleira.

Allir sjúklingar fá ókeypis pakka sem inniheldur tannkrem, tannbursta, munnskol, tannþráð, kort af Kraká, ICE kort (In Case of Emergency) og bæklinga með upplýsingum um Kraká og Index Medica.

Á Indexmedica fá allir viðskiptavinir fritt kaffi, te og kalda drykki. Þar eru tölvur með ókeypis internetaðgangi og prentara, dagblöð, tímarit og starfsfólk sem aðstoðar gesti okkar með bros á vör.

Fri gisting og ódýr fyrsta flokks tannlæknaþjónusta

Indexmedica er eigandi tveggja fjögurra stjarna hótela í miðbæ Kraká, INX Design Hotel og Metropolis Design Hotel, og geta viðskiptavinir þegið að gista þar í fimm nætur fritt fari kostnaður á meðferð upp fyrir 500 evrur. Um er að ræða sérstakt tilboð á gistinóttum út ágúst og verður sama tilboð í boði frá 15. október til 20. mars 2020. Þetta er afar freistandi tilboð sem er erfitt að hafna. „Gestir okkar eru hæstánægðir með að fá bæði ódýra tannlæknaþjónustu og fimm friar gistinætur mitt í einni fallegustu borg Evrópu. Einnig endurgreiðum við flugmiða upp að 115 evrum ef meðferð sjúklings fer yfir 2.500 evrur.

Tilboðið gildir einu sinni á hvern sjúkling.“

Fjöldi íslenskra gesta í hverri viku


Indexmedica fær fjölda gesta frá Íslandi í hverri viku og við vinnum með frábærum túlki sem aðstoðar þá Íslendinga sem tjá sig eingöngu á sínu móðurmáli í gegnum allt ferlið.

„Yfir 2.100 Íslendingar hafa líkað við Indexmedica á Facebook. Það er ekkert skritið við það hvað Íslendingar eru ánægðir með þjónustuna frá Index Medica því þeir eru að spara allt að 70% á tannlækna kostnaði miðað við það verð sem er í boði á Íslandi. Við höfum einnig reynslu af samskiptum við Sjúkratryggingar Íslands og útbúum ókeypis fyrir sjúklinga okkar skjöl sem gera þeim kleift að fá endurgreiddan hluta kostnaðar við meðferð á stofunni okkar.“ Frá og með 16. september verður enn einfaldara að pantar far til Kraká en þá verður boðið upp á beint flug frá Keflavík til Kraká Balice flugvallarins.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni indexmedica-island.com

Einnig má senda fyrirspurnir á íslensku office@indexmedica.eu eða hringja í síma +48 690 808 840 og fá upplýsingar á ensku.

Facebook: Indexmedica – Tannlæknaþjónusta í Kraków



EUROMILADENT:

Dominika Majewska.

Dr. Dominik.



FYRIR

EFTIR



„Sparaði tvær og hálf milljón í tannlækna kostnað“

Mikil aukning hefur orðið síðustu ár á því að Íslendingar sækji sér tannlæknaþjónustu utan landsteinanna og ekki að ástæðulausu. Í fyrsta lagi er það mun ódýrara enda er kostnaðurinn þar í yfirbyggingu, eins og launakostnað tannlækna, töluvert minni en á Íslandi. Í öðru lagi eru gæðin á þjónustunni fyrsta flokks. Í þriðja lagi er gríðarlegur tímasparnaður fólginn í flóknari tannviðgerðum erlendis. Ferli sem getur auðveldlega tekið mörg ár á Íslandi vegna sárs skorts á sérfræðingum, tekur t.d. eingöngu jafnlangan tíma og það þarf að taka hjá EuroMiladent í Gdansk í Póllandi. Tannlæknastofan hefur upp á síðkastið tekið fagnandi á móti íslenskum gestum sem eru í leit að lausn á tannvandamálum sínum og hefur sent heim fjöldann allan af ánægðum viðskiptavinum með bros á vör.

Reynsla, gæði og færni

EuroMiladent hefur tíu ára reynslu á sviði ferðatannlækninga og eru helstu viðskiptavinir stofunnar frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi og Íslandi. EuroMiladent fékk viðurkenningu frá tímaritinu Forbes Diamonds 2016 fyrir framúrskarandi vöxt á árinu en í Gdansk rekur EuroMiladent fjórar tannlæknastofur. Á hverri stofu eru reynslumiklir og menntaðir tannlæknar sem eru afar færir í sinni sérgrein. Etlendur viðskiptavinir nota 2–3 stofur í hverri ferð og eftir fyrstu skoðun er þeir úthlutaður sá tannlæknir sem mun sjá um að klára ferlið með viðskiptavininum. Dr. Dominik Łoś, sérfræðingur í tannlæknaþjónustu, eigandi stofunnar og stofnandi Miladent, er einn sá færasti í Gdansk þegar kemur að implöntum, en

hann hefur sett upp yfir 4.000 slíka. Hann sér um að þjálfa tannlækna EuroMiladent í Póllandi og erlendis á sviði stoðtækja og ígræðslu. Tannlæknar EuroMiladent hafa þjónustað yfir 60.000 sjúklinga, sett upp 8.000 implanta og hannað um 5.000 stoðtækni-yfirbyggingar. EuroMiladent ábyrgist alla þá vinnu sem þeir gera á viðskiptavinum sínum.

Ferlið hjá EuroMiladent er afar einfalt

„Best er að byrja á að skoða flug og tímasetningar sem henta hverjum og einum og hafa svo samband við okkur í síma 830-0388 eða í gegnum email á tannlaeknatjonusta@gmail.com. Ég mun svara öllum fyrirspurnum og gera ráðstafanir með tímabantanir hjá tannlæknum hjá EuroMiladent. Ég mæli með að vera úti í a.m.k. þrjú heila virka daga ef um að ræða skoðun, litlar eða stærri aðgerðir þar sem hægt er að gera mikið á svona stuttum tíma og t.d. tekur einn tannlækna tíma að setja implant í. Það er ótrúlegt hvað hægt er að gera á 3–4 dögum. Í öllum hópferðum okkar, sem eru alltaf um fjórir heilir virkir dagar, hefur fólk alveg fengið allt að 24 krónur, en auðvitað er það smá álag á góminn,“ segir Dominika Majewska, íslenskur túlkur og leiðsögumaður á vegum EuroMiladent á Íslandi.

Fáðu grófa kostnaðaráætlun út frá símamynd

Það er engin þörf á að renna blint í sjóinn. „Hægt er að fá nokkuð nákvæma kostnaðaráætlun áður en ákveðið er að fljúga út með því að senda okkur röntgenmynd af heilgóm. Myndin fæst hjá einum af tannserfræðingunum á Íslandi. EuroMiladent er þó ekki í samstarfi við íslenska

tannlækna. Með myndinni geta tannserfræðingarnir úti metið stöðuna á tönnunum og hvað þurfi að gera. Einnig er hægt að senda okkur ljósmyndir, t.d. úr símanum, en þær verða að vera í fókus. Út frá þeim getum við gefið upp gróflega áætlaðan kostnað út frá útliti og engu öðru. Við reynum alltaf að senda frá okkur allar kostnaðaráætlanir innan 48 klst. Allar kostnaðaráætlanir eru gefnar með fyrirvara um breytingar, en eftir skoðun á stofunni úti í Póllandi standast þær í 99% tilfellum.“

Vinsælar hópferðir

Dominika sér um vinsælar hópferðir EuroMiladent frá Íslandi. Innifaldar eru fríar leigubílaferðir til og frá flugvællinum sem og í alla tannlækna tíma. „Þetta er vinsælt hjá þeim sem eru að koma í fyrstu skoðun og vilja kynna sér staðhætti í öruggu umhverfi. Hópferðirnar eru líka vinsælar hjá þeim sem tala litla sem enga ensku. Fólk finnur auðið öryggi þegar það getur tjáð sig á móðurmálinu en öll þjónusta og samskipti eru á íslensku.“ Dominika er til staðar allan sólarhringinn íslenskum viðskiptavinum til halds og trausts og aðstoðar með allt.

Næsta hópferð með Dominiku verður 17.–22. ágúst. „Líklega verður ferð í september þar sem íslenskur túlkur verður á staðnum og túlkur fyrir þá sem vilja. Svo verða fleiri ferðir í haust. Allar upplýsingar um næstu ferðir er að finna á Facebook: Tannlæknaþjónusta – EuroMiladent Gdansk. Þeir sem eru öruggir í að ferðast og tjá sig auðveldlega á ensku geta farið út hvenær sem er. „Þá panta ég fyrir fólk tannlækna tímuna en á staðnum tekur á móti þeim indæl stelpa að nafni Weronika sem

talur ensku og aðstoðar með allt.“ Þess má geta að EuroMiladent tekur ekki þátt í ferðakostnaði.

16 ára fékk implant

Fólk á öllum aldri með alls kyns tannvandamál nýtir sér tannheilsuferðir sem þessar. „Þetta er langmest fólk sem hefur þörf á miklum tannviðgerðum og aðgerðum, þar sem sparnaðurinn er oft gífurlegur þrátt fyrir kostnað í flug og gistingu. Þó eru líka margir sem skella sér í frí til Gdansk og nýta sér fría skoðun hjá okkur. Stundum þarf ekkert að gera og stundum þarf bara að laga smá skemmd. Við tökum á móti öllum, hvort sem þeir þurfa einfalda tannhreinsun eða heilgóm. Yngsti einstaklingurinn sem hefur nýtt sér þjónustu okkar var 16 ára. Hann þurfti implant sem var ekki niðurgreidd aðgerð á Íslandi.“

Sparaði 2.500.000 krónur

„Það er gífurlegur verðmunur á tannlæknaþjónustu á Íslandi og í Póllandi og er hægt að spara sér allt að 80% af tannlækna kostnaði hjá EuroMiladent. Í síðustu hópferð okkar sparaði einn einstaklingur sér 2.500.000 krónur sem er gríðarlega mikil upphæð. Svo má ekki gleyma því að Gdansk er ótrúlega falleg borg með mikla sögu og hefur upp á margt að bjóða.“

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook: Tannlæknaþjónusta – EuroMiladent Gdansk

Sími: 830-0388

Netpóstur: tannlaeknatjonusta@gmail.com

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt




Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Grafa djúpt í sífrerann í Alaska í leit að lífi á Mars



Ákveðin líkindi
Rauða plánetan hefur löngum verið mannum hugleikin.

■ Vísindamenn segja að ákveðin líkindi séu með Mars og jörðinni

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Undir sífreranum í Alaska eru lífverur í mjög söltu vatni og vekur sú staðreynd vonir um að líf sé að finna á Mars. Þar leita vélmenni að lífi en hér á jörðu niðri eru það vísindamenn af holdi og blóði sem reyna að öðlast skilning á hvernig líf getur orðið til og þrífist á öðrum plánetum. Til að geta rannsakað aðstæður lífs, sem minnr á aðstæður á Mars, neyðast þeir oft til að stunda rannsóknir á afskekktum stöðum hér á jörðinni okkar.

Djúpt undir yfirborði Alaska í Bandaríkjunum hefur bandarískum vísindamönnum nú tekist að finna lifandi bakteríu sem er talin vera um 50.000 ára. Vísindamennirnir boruðu sig í gegnum sífrerann og um fimm metra undir honum fundu þeir saltvatn sem er þrjár sinnum saltara en sjór. Saltinnihaldið er um 14 prósent en það þýðir að vatnið frýs ekki, jafnvel þótt hitastigið fari langt niður fyrir frostmark. Það minnr eiginlega á vatnið sem er í Dauðahafinu, er frekar eins og fín og þunn olía en vatn. Sumar örverur eru þeim hæfileikum gæddar að geta lifað við skilyrði sem þessi þar sem vatnið er

mjög kalt og mjög salt. Saltvatnið og lífverurnar, sem lifa í því, eru algjörlega einangraðar frá umheiminum og öðrum lífverum vegna sífrerans. Af þessum sökum eru þessi vötn mjög áhugaverð til rannsókna en þar geta vísindamenn rannsakað þróun lífvera í gegnum tíðina.

Þarna eru lífverurnar í algjörrri einangrun og því hægt að sjá hvernig þær hafa þróast við slík skilyrði. Helsta hættan sem steðjar að við rannsóknir sem þessar er að nýjar bakteríur berist niður í vötnin með borum vísindamanna.


Reynslan af borunum í sjávarbotnin sýnir að bakteríur, sem lifa í umhverfi eins og söltu vötnunum, deila sér mun hægar en bakteríur á yfirborði jarðar. Bakteríur fjölga sér með því að deila frumum sínum, en hraði þess ferlis fer eftir hversu góð vaxtarskilyrðin eru á hverjum stað. Jafnvel þótt fruma deili sér ekki þá þurfa bakteríurnar orku og næringu því þær þurfa að lagfæra það tjón sem verður á erfðafni þeirra og prótínum.

Ákveðin líkindi


Með því að rannsaka þessar örverur og umhverfið, sem þær lifa í, geta vísindamenn lært mikið um hvað þurfi að vera til staðar til að líf geti þróast. Vísindamennirnir sem

stöðu að rannsóknunum í Alaska, segja að þar hafi bakteríur þrífist vel í saltvatninu. Þar séu mjög virk samfélög örvera sem hafi þróast í eldgömlum saltlögum. Það kom vísindamönnum mjög á óvart hversu margar bakteríur voru í þessum samfélögum að því er segir í fréttatilkynningu frá þeim. Vísindamennirnir segjast hafa uppgötvað að ákveðin líkindi séu með Mars og jörðinni þrátt fyrir að eðlisfræði-, líffræði- og efnafræðilegar aðstæður séu mjög mismunandi.

Á síðasta ári tilkynnti bandaríska geimferðastofnunin NASA að fljóttandi vatn hefði fundist í jarðvegi á Mars. Fram kom að vatnið væri mjög salt, miklu saltara en höfin hér á jörðinni. Þetta mikla saltmagn er nauðsynlegt svo vatnið geti flotið í þeim mikla kulda sem er á Mars. Þetta sama á einmitt við í Alaska. Af þessum sökum telja vísindamenn sig geta lært mikið um Mars með því að rannsaka sambærilegt umhverfi á jörðinni. Þeir hafa ekki enn birt vísindagrein um rannsóknir sínar í Alaska en þær þykja þó ansi áhugaverðar en svipaðar rannsóknir hafa verið gerðar áður. Til dæmis árið 2003 í Síberíu, en þar er einn elsti sífreri jarðarinnar. Þar fundust bakteríur í söltu vatni sem er talið vera 150.000 ára gamalt. ■



Er Teboðshreyfingin öll?



■ Hreyfingin hefur verið langt til hægri á hinu pólitíska litrófi

Hin bandaríska Teboðshreyfing hefur verið áberandi í bandarískum stjórnmálum undanfarinn áratug og hefur haft mikil áhrif. Hreyfingin varð til 2009 og var í upphafi hreyfing íhaldsmanna meðal almennings. Hún mótmælti og barðist gegn opinberum hjálparþökkum til bankanna í kjölfar fjármálakreppunnar en pakkarnir voru fjármagnaðir með ríkisfé. En Teboðshreyfingin færði fljótt út kvíarnar og fór að berjast gegn fóstureyðingum, Obamacare-sjúkra-tryggingakerfinu sem var að mati hreyfingarinnar ekkert annað en tilraun til að innleiða sósíalisma í Bandaríkjunum. Einnig barðist hreyfingin fyrir trúfrelsi og rétti fólks til að bera vopn. Nafn hreyfingarinnar er dregið af atburðum í Boston 1773 þegar sköttum Breta á te var mótmælt þar í borg. Það var fyrsta skrefið að sjálfstæði Bandaríkjanna frá bresku krúnunni.

En nú telja margir stjórnmálaskýrrendur að dagar hreyfingarinnar séu taldir. Eitt af því sem yfir undir þá kenningu er að nýlega tókst Bandaríkjaþingi að ná samkomulagi um fjárlög til næstu tveggja ára. Um sjaldgæfa þverpólitíska samstöðu er að ræða, en hún kemur í veg fyrir að starfsemi alríkisstofnana stöðvist eins og hefur ítrekað gerst á undanförnum misserum þegar þingið og forsetinn hafa ekki getað komið sér saman um fjárlög. En þessi þverpólitíska samstaða markar að öllum líkindum einnig endalok Teboðshreyfingarinnar. Hreyfingin hefur verið langt til hægri á hinu pólitíska litrófi og staðið langt til hægri við marga liðsmenn Repúblíkanaflokksins en hreyfingin er, eða kannski öllu

heldur var, einn vængur flokksins. Samkomulagið um fjárlög gengur þvert á boðskap Teboðshreyfingarinnar sem barðist fyrir lægri sköttum, lægri opinberum útgjöldum og jafnvægi í ríkisfjármálum. Stærsti sigurinn í sögu hreyfingarinnar er hið svokallaða Budget Control Act, sem er skuldabak, sem var sett 2011. Nú hefur þessu skuldabaki verið kastað út í hafsauga án mikilla átaka og ekki er að sjá að frekar verði rætt um það fyrr en eftir forsetakosningarnar á næsta ári. Af þessum sökum segja margir að Teboðshreyfingin heyri sögunni til. Brian Riedl, hjá hægrissinnuðu hugveitunni Manhattan Institute, segir að fjárlögin hafi verið „síðasti naglinn í líkkistu Teboðshreyfingarinnar“. Clarence Page, stjórnmálaskýrandi hjá Chicago Tribune, tekur í sama streng og segir hreyfinguna steindauða. Rand Paul, einn þekktasti meðlimur hreyfingarinnar í öldungadeild þingsins, hefur lýst því yfir að „Teboðshreyfingin sé ekki lengur til“.

Mikill útgjaldahalli

Þegar Donald Trump barðist við Hillary Clinton um forsetaembættið hét hann því að koma jafnvægi á fjármál ríkisins innan fimm ára. Opinberlega er áráfjöldinn nú orðinn 15. Hann lofsamaði Teboðshreyfinguna og sagði Repúblíkana vera veika fyrir þegar þeir koma til Washington til að taka sæti á þingi. Þeir lofið hinu og þessu en standi ekki við neitt. Hann sagði það ekki gerast hjá honum.

En eitthvað gengur honum illa að efna lofordið um jafnvægi í ríkisfjármálum. Skuldir alríkisins nema nú 22.000 milljörðum dollara og

hækka með hverri mínútu. Skuldirnar aukast hraðar en þær hafa nokkru sinni gert þegar efnahagslífið hefur verið í uppsveiflu eins og nú. Frá því að Trump tók við völdum hafa skuldirnar aukast um 2.000 milljarða dollara. Aðallega vegna skattalækkana á atvinnulífið en ekki var gripið til neinna mótvægisáðgerða vegna þeirra. Á næsta áratug munu nýju fjárlögin ein hækka skuldirnar um 1.700 milljarða dollara.

Það er því erfitt fyrir Repúblíkana að halda því fram að flokkurinn sýni ábyrgð þegar kemur að ríkisfjármálum, segir Peter Schiff, forstjóri Euro Pacific Capital fjárfestingarfyrirtækisins. Þessi þróun í skuldamálu og útgjöldum ríkisins er birtingarmynd þess að aðeins 15 prósent af kjósendum Repúblíkanaflokksins styðja niðurskurð í útgjöldum til félags- og heilbrigðismála til að lækka skuldir ríkisins. Af þessum sökum heyrir lítið frá hardasta kjarna stuðningsmanna Trump um skuldirnar. Hann hefur sjálfur lagt sitt af mörkum til að beina athyglinni frá þessu með því að beina áherslum Repúblíkana að málum sem má telja til popúlískrar íhaldsstefnu.

Trump skrifaði undir fjárlögin í síðustu viku. Samkvæmt þeim fær herinn meira fé að kröfu Repúblíkana en Demókratar kröfðust meira fjármagns til vinsælla verkefna á landsvísi og fengu það í gegn. Mick Mulvaney, starfsmannastjóri Hvíta hússins og áður einn af mestu áhrifamönnum Teboðshreyfingarinnar, sagði fjárlögin vera sigur fyrir Trump og sagði Demókrötum að kenna að skuldir ríkisins vaxa. ■



SAKAMÁL



Árla morguns 1. mars, 2008, ruddust tveir ungrir menn inn á heimili Caffey-fjölskyldunnar í Alba í Texas og skutu á allt sem hreyfðist. Morðhrinan kostaði tvö ung börn og móður þeirra lífið. Heimilisfaðirinn, Terry Caffey, var skotinn mörgum skotum, en náði við illan leik að skríða frá heimilinu áður en ódæðismennirnir báru eld að því. Íbúar í Alba voru slegnir vegna ódæðisins og ekki bætti úr skák þegar lögregla upplýsti að Erin, dóttir Caffey-hjónanna, stóð að baki morðunum. Erin var formlega ákærð í mars 2008 og taldi lögregla að ástæðuna fyrir morðunum hefði mátt rekja til ósættis Erin og foreldra hennar.

MORÐKVENNDI

Martha hagnaðist ekki persónulega á ódæðum sínum ■ Trygginga

Bernska Mörthu Needle var lituð ofbeldi og illri meðferð. Martha fæddist skammt frá Morgan í Suður-Ástralíu árið 1863. Hún var að sögn blíðlynt barn, en sinni hennar fór ekki varhluta af því ofbeldi sem einkenndi heimilislífið. Ung að árum fór Martha að sýna merki um andleg veikindi, en það kom þó ekki í veg fyrir að hún gengi í hjónaband. Sautján ára að aldri giftist hún Henry Needle í Norður-Adelaide og 1882 fæddist þeim hjónum dóttir, Mabel. Ári síðar fæddist Elsie og árið 1885 kom May í heiminn og sama ár flutti fjölskyldan til Richmond í úthverfi Melbourne.

Dauðinn knýr dyra

Þann 23. febrúar, 1885, dó Mabel eftir stutt veikindi og sagði Martha að líf hennar hefði „virst dofna“. Síðar innheimti Martha líftryggingu Mabel, 100 pund, andvirði hátt í 100.000 Bandaríkjadala á núvirði.

Liðu nú nokkur ár, en 4. október, 1889, knúði dauðinn dyra í annað sinn. Þá dó Henry úr einhverjum óskilgreindum og dularfullum sjúkdómi og má geta þess að hann var líftryggður fyrir 200 pund.

Elsie fylgdi föður sínum árið 1890 og síðar sama ár dó May. Læknar voru ráðvilltir og kunnu engar skýringar á öllum þessum dauðsföllum. Martha eyddi nánast öllu tryggingarfénu í veglegan fjölskyldugrafreit sem hún vitjaði tíðum.

Ástarsamband og andlát

Vinur Mörthu frá Adelaide, Louis Juncken, höndlaði, með bróður sínum Otto, með hnakka í Richmond. Árið 1893 tók Martha, sem þá hafði breytt viðbyggingu húss síns í gistiheimili, upp samband við Otto. Þegar þar var komið sögu voru þeir bræður leigjendur hjá Mörthu.

Bræðrum Ottos, áður nefndum Louis og Hermann, sem bjó í Adelaide, hugnaðist ekki samdráttur Mörthu og Ottos og gerðu þeir hvað þeir gátu til að hindra fyrirhugaða trúlofun þeirra.

Árið 1894 veiktist Louis og and-

Martha Needle
Ólst upp við fátækt og slæma meðferð.



aðist í kjölfarið. Var talið að tauga-veiki hefði dregið hann til dauða.

Arsenik í ælunni

Í júní, 1894, fór Hermann frá Adelaide til Melbourne til að ganga frá málum Louis heitins. Hann fékk eðlilega gistingu á gistiheimili Mörthu og eftir að hafa innbyrt máltíð sem hún útbjó fyrir hann fékk hann heiftarlega verki.

Hermann jafnaði sig þó fljótt, en næsta dag endurtók sagan



May og Elise
Tvær dætra Mörthu í kringum 1889.

sig eftir að hann hafði borðað morgunverð. Liðu nú tveir dagar og Hermann varð fullfrískur, en þá, að máltíð lokinni, sem Martha hafði framreitt, fékk hann slæma krampa, svo slæma að hann kastaði upp. Hermann leist ekki á

blikuna og lét sækja lækni. Læknirinn, Boyd, tók sýni úr ælunni og viti menn, rannsókn leiddi í ljós að hún innihélt arsenik.



Systursonur Mörthu
Alexander Newland Lee fylgdi fordæmi frænku sinnar.

Á vettvangi
Óhugnanleg sjón mætti lögreglu.



Morð og sjálfsmorð í Mt. Airy

Öll fjölskyldan vegin – Heimilishundurinn slapp ekki

Vinnufélögum Jennifer A. Dalton, í Damascus í Maryland í Bandaríkjunum, var ekki rótt að morgni föstudagsins 25. september 2009. Jennifer, sem bjó í Mt. Airy, vann hlutastarf á dýralækningastofu í Damascus og hafði hvorki mætt til vinnu né tilkynnt forföll. Það var mjög ólíkt henni. Vinnufélagar hennar hringdu í hvort tveggja heimasíma Jennifer og farsíma, en án árangurs.

Enginn á lífi

Að kvöldi þess sama dags kom í ljós að fyrir því var ærin ástæða; Jennifer Dalton var ekki lengur í tölu lifenda. Reyndar var enginn úr fjölskyldunni á lífi. Heimilisfaðirinn Charles Dalton eldri, eiginkona hans Jennifer, og tvö börn þeirra, Charles Dalton yngri, 14 ára, og Emmaline, 7 ára, höfðu öll verið skotin til bana.

Tíðindin komu nágrönnum og vinum í opna skjöldu, enda gat enginn ímyndað sér að nokkur vildi vinna Dalton-fjölskyldunni mein.

en þeir vildu ekki að hún stofnaði til sambands við Charlie James Wilkinson, annan ungu mannanna. Erin fannst í felum í hjólhýsi við heimili annars ódæðismannanna. Í ársbyrjun 2009 fékk Erin tvo samhangandi lífstíðardóma og 25 ár að auki. Vitorðsmenn hennar, áður nefndur Charlie og Charles Allen Waid, játuðu sekt sína og sluppu þannig við dauðadóm, en fengu lífstíðardóm. Bobbi Gale Johnson, vinkona Erin sem ók bíl ódámanna, fékk 40 ára dóm.



Í MELBOURNE

aféð notað í fjölskyldugrafreit ■ Hélt fram sakleysi sínu allt til enda



Hjónin
Martha var 17 ára þegar hún giftist Henry Needle.

Gripin glóðvolg

Boyd læknir upplýsti lögreglu um niðurstöðuna og víðraði þær grunsemdir sínar að Martha væri ekki öll þar sem hún væri séð. Hermann var ráðlagð að biðja Mörthu um að útbúa máltíð. Hann gerði það og tók hún vel í beiðnina, en bar honum fyrst tebolla.

Hermann kallaði á lögreglu-

menn sem höfðu beiði átekta í leyni. Þegar þeir ruddust inn átti Martha bókstaflega í átökum við Hermann um tebollann, sem hún reyndi af fremsta megni að hella úr. Við rannsókn á teinu kom í ljós að það innihélt það mikið af arseníki að það hefði nægt til að drepa fimm manns.

Sagðist saklaus

Martha var ákærð fyrir morðtilraun og líkamsleifar Louis, Henrys og dætranna þriggja voru grafnar upp. Í öllum tilvikum fannst banvænt magn arseníks í líkamsleifunum og Martha var ákærð fyrir morð.

Martha sagðist saklaus en talaði fyrir daufum eyrum. Réttarhöldin stóðu í þrjú daga, Martha var sakfelld og dæmd til dauða.

Hún var tekin af lífi að morgni 22. október, 1894, og aðspurð hvort hún vildi segja eitthvað að lokum, svaraði hún: „Ég hef ekkert að segja.“


Systursonur hengdur

Þess má til geta að Martha var sú þriðja af fjórum konum sem voru hengdar í gamla Melbourne-fangelsinu.

Enn fremur var sonur eldri systur Mörthu, Ellenar, tekinn af lífi í Adelaide-fangelsinu þann 15. júlí, 1920. Sá hét Alexander Newland Lee og var dæmdur til dauða fyrir að myrða eiginkonu sína, Muriel, og þrjú börn þeirra, af sjö, með strikníni í apríl það sama ár.

Dauðinn knýr dyra

Þann 23. febrúar, 1885, dó Mabel eftir stutt veikindi og sagði Martha að líf hennar hefði „virst dofna“. Síðar innheimti Martha líftryggingu Mabel, 100 pund, andvirði hátt í 100.000 Bandaríkjadala



Dánargríma Mörthu
Er til sýnis í gamla Melbourne-fangelsinu.

á núvirði.

Liðu nú nokkur ár, en 4. október, 1889, knúði dauðinn dyra í annað sinn. Þá dó Henry úr einhverjum óskilgreindum og dularfullum sjúkdómi og má geta þess að hann var líftryggður fyrir 200 pund.

Elsie fylgdi föður sínum árið

1890 og síðar sama ár dó May. Læknar voru ráðvilltir og kunnu engar skýringar á öllum þessum dauðsföllum. Martha eyddi nánast öllu tryggingarfénu í veglegan fjölskyldugrafreit sem hún vitjaði tíðum. ■

Vel liðin fjölskylda

Að sögn nágretta var fjölskyldan vingjarnleg og trúuð og einn nágrenninn hafði á orði að í hvert skipti sem snjóaði hefðu hjónin mætt með skóflur og mok að hjá honum heimreiðina.

Börn hjónanna voru vel liðin, hvort heldur var í skóla eða einkalífi. Charles Dalton yngri var sjálfboðaliði í ungmennadeild slökkviliðsins í Mt. Airy, sama fyrirtæki og kom að heimili fjölskyldunnar þetta föstudagskvöld eftir að hringt hafði verið í Neyðarlínuna.

Börn hjónanna voru vel liðin, hvort heldur var í skóla eða einkalífi. Charles Dalton yngri var sjálfboðaliði í ungmennadeild slökkviliðsins í Mt. Airy, sama fyrirtæki og kom að heimili fjölskyldunnar þetta föstudagskvöld eftir að hringt hafði verið í Neyðarlínuna.

Enginn utanaðkomandi

Þegar inn í íbúðina var komið velkst enginn í vafa um að um morðvettvang var að ræða, en spurningin

var: hvað hafði gerst. Frumrannsókn svaraði þeirri spurningu og ljóst var að enginn utanaðkomandi hafði verið að verki.

Lík Jennifer fannst í rúmi hjónaherbergisins. Charles yngri og Emmaline, systir hans, höfðu hlotið sömu örlög og lík þeirra fundust í svefnherbergjum þeirra.

Morð og sjálfsmorð

Lík heimilisföðurins, Charles eldri, lá á gólfinu við hlið hjónarúmsins og upp við það lá haglabysa; 12 gauge pumpa. Síðar kom í ljós að öll fjögur höfðu verið skotin til bana með þeirri haglabysu.

Ekkert sjálfsmorðsbref fannst á staðnum en talið hafði yfir allan vafa að Charles eldri hefði tekið í gikkinn í öllum tilfellum. Ekki einu sinni heimilishundurinn slapp, en hann hafði verið skotinn í bæli sínu rétt innan við aðaldyr heimilisins.

Hvað lá að baki þessu öllu saman hefur aldrei verið upplýst. ■



Charles Dalton eldri
Var vel liðinn af þeim sem hann þekktu.

Ísland frábær innblástur

■ Linda teiknar töfrandi hversdagsmyndir

Linda Jóhannsdóttir fatahönnuður teiknar töfrandi hversdagsmyndir. Fimm ár eru nú síðan fyrirtæki hennar Pastelpaper varð að veruleika en fyrstu myndirnar voru andlitsmyndir íslenskra fugla.

Síðan þá hafa línurnar Baby North, Tropical Dream og Bird Portrait 2 lituð dagsins ljós, en ásamt þeim hefur Linda haldið sýningarnar Píka og Brjóst sem nutu mikillar athygli. „Ég stofnaði Pastelpaper 2014, nýútskrifuð úr Listaháskóla Íslands og uppfull af ótal hugmyndum. Ég var ófrísk að yngri drengnum mínum og ákaflega spennt fyrir að skapa eitthvað. Þetta hafa verið skemmtileg og lærdómsrík fimm ár, en ég lýsi merki mínu yfirleitt sem litlu hönnunarmerki sem sérhæfir sig í póstkortum og myndum. Myndefnið eru aðallega íslenskir fuglar en hugmyndin var strax frá upphafi sú að gefa út fleiri línur. Það var líka alltaf á planinu að hanna fleiri muni fyrir heimilið og er afmælisárið helgað því.“

Atvinnuskapandi og umhverfisvænt


Fyrr á árinu varð sá draumur að veruleika þegar Linda frumsýndi sófaborðið B38 á Hönnunarmars í Epal. Borðið hlaut mikið lof og vonast Linda til að hægt verði að koma því í sölu sem fyrst. „Það að framleiða á Íslandi hefur sína kosti og galla. Það er dásamlegt hvað allt er nálægt og alltaf hægt

að finna einhvern sem þekkir einhvern sem býr yfir því sem þig vantar, en að sama skapi bitnar það á kostnaðinum sem er mun meiri en ef framleiðslan væri erlendis. Ég hef þó valið að halda framleiðslunni hér heima, enda er það bæði umhverfisvænna og atvinnuskapandi.“

Fátt sem toppar feegurð þessa lands

Síðasta haust ákvað Linda svo að bæta menntun sína sem hún segir að nýttist Pastelpaper gríðarlega vel. „Ég skráði mig í nýsköpun og viðskiptaþróun hjá Háskóla Íslands sem opnar fyrir alls konar nýjar hugmyndir. Það er því óhætt að segja að framundan séu skemmtilegir tímar, en ég hef nýtt sumarið vel í ferðalög um landið þar sem ég safna í hugmynda-bankann og þróa hugmynd sem ég hef gengið með í langan tíma. Eins klisjulegt og það hljómar er Ísland frábær innblástur og fátt sem toppar feegurð landsins. Í haust mun ný lína fæðast innblásin af náttúru Íslands.“

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



„Það að framleiða á Íslandi hefur sína kosti og galla. Ég hef þó valið að halda framleiðslunni hérna heima.“





LITLA TRÉSMIÐJAN:

„Hverri kistu fylgir ákveðin tilfinning“

Litla trésmiðjan, líkkistu- vinnustofa og trésmiðja var stofnuð á Akureyri í janú- ar árið 2010. Flestar kisturnar eru seldar í gegnum Útfarar- stofu Kirkjugarða Akureyrar, en einnig selur Litla trésmiðjan út fyrir Akureyri. Fólk kemur til Litlu trésmiðjunnar til að skoða og segir eigandi hennar það alltaf góða tilfinningu.

„Ég er aðallega að smíða lík- kistur,“ segir Sigurður Óli Þórisson, trésmiður og eigandi Litlu trésmiðjunnar. „Einnig smíða ég glugga og opnanleg fög í eldra húsnæði og stundum hurðir. Svo eru húsgagna- viðgerðir hluti af starfsemi, bæði á nýjum og svo eldri húsgögnum.“

Sigurður Óli flutti 17 ára til Akureyrar, lærði húsmiði og fékk meistararéttindi og hefur unnið við trésmiðar meira og minna allt sitt líf, eins og hann segir sjálfur. Eftir hrun hannaði hann, ásamt Sæ- mundi Friðfinnssyni, líkkistuna sem fyrst var framleidd hjá Tréborg á Akureyri. Árið 2010 ákvað Sigurður Óli að halda einn áfram með lík- kistusmiðina og hefur hann starfað við það síðan.

Umræðan um andlát orðin opnari frá því sem áður var

„Það er opnari umræða í dag,

andlát og útfarir voru lítið rædd á almannafæri áður fyrr. Nú er fólk opnara fyrir þessum hlutum. Það er betra að það sé þannig. Eftir fæðingu verður dauðinn ekki umflúinn. Hins vegar eru endalokin ekki alltaf tímabær því miður.“

Íslensk hönnun smíðuð af kostgæfni

Líkkisturnar eru aðallega smíð- aðar úr MDF-plötum og spraut- aðar hvítar. „Í gamla daga voru líkkisturnar svartar, þá voru þær bikaðar. Síðan urðu þær hvítar, en ég hef einnig sprautað þær í lit eftir óskum hverju sinni. Við hönnun fórum við aftur í tímann með form- ið og fólk finnst vel hafa til tekist. Maður er ánægður og stoltur,“ segir Sigurður Óli. „Maður er einn að vinna við smíðina, þannig að hún er íslenskt handverk og hönnun, ekki verksmiðjuframleiðsla. Ég vinn hverja kistu alveg frá upphafi til enda, ég smíða krossa, alla fylgi- hluti og bólstra kistuna. Gæða- eftirlitið er þannig, að þegar ég er orðinn ánægður með handverkið má afhenda kistuna. Ein kista er gott dagsverk. Stærri kistur eru meiri vinna og því aðeins dýrari. Samt stent Litla trésmiðjan allan verðsamanburð. Innflutningur er stærsti keppinauturinn.“



Litla trésmiðjan er að Austursíðu 2, Akureyri. Síminn er 898-7686 og heimasíðan er kistur.is.

Betra að sleppa tókum á fortíðinni og horfa fram á veginn

■ Sjana Rut gefur út sína fyrstu plötu en hún á heiðurinn af lögum, texta og vinnslu plötunnar

Iris Hauksdóttir
iris@dv.is



Söngkonan Sjana Rut Jóhannsdóttir leggur nú loka-hönd á sína fyrstu sólóplötu en hún hefur lengi unnið að eigið efni.

Á plötunni, sem ber heitið Gull og grjót, er að finna átta lög og á Sjana Rut heiðurinn af bæði laga- og textagerð. Hún segir gerð plötunnar hafa átt sér langan aðdraganda. „Ég hef alltaf verið að semja lög og texta en mér fannst aldrei rétti tíminn til að gefa þau út. Ég hef samið út frá eigin reynslu og því eru lögin öll ákaflega persónuleg. Á plötunni er að finna bæði gömul, óútgefin lög sem hafa beðið lengi í skúffunni sem og ný og brakandi fersk. Eitt af þessum lögum sendi ég sem dæmi inn fyrir Söngvakeppni sjónvarpsins en það komst ekki í gegnum inntöku.“

Vinsældir víða

Þetta er þó ekki frumraun Sjönu Rutar í lagaútgáfu því í fyrra gaf hún út smáskífuna Show me your truth, en hana vann hún í samstarfi við bróður sinn, Alex Má. „Hann gengur undir listamannsnafninu NumerusX og hefur reynst mér afar hjálplegur. Platan okkar fékk talsverða athygli, en á henni var að

finna þrjú lög á íslensku og þrjú á ensku. Titillag plötunnar, Show me your truth, fékk meðal annars spilun á nokkrum erlendum útvarpsstöðvum, til að mynda iHeart Radio og tDong Radio,“ segir Sjana Rut en platan fékk sömuleiðis umfjöllun í kanadískum fjölmiðlum.

The Voice Ísland æðisleg reynsla

„Við systkinin stigum fyrst á svið saman árið 2015 þegar við tókum þátt í Söngkeppni Tækniskólans og unnum þá keppni með frumsömdu lagi. Það var í fyrsta skipti sem ég kom fram fyrir fullum sal af fólki, en eftir það fór boltinn að rúlla og við höfum síðan þá komið fram á ótal góðgerðasamkomum, hátíðum og öðrum viðburðum. Árið 2017 tókum við svo þátt í Músíktíraunum en það má eiginlega segja að The Voice Ísland hafi komið mér almennilega á kortið enda þekkjá mig flestir þaðan. Það var æðisleg reynsla, þökk sé Svölu Björgvinsdóttur og fleiri góðum.“

Sjana Rut segir yrkisefni plötunnar persónulegt og sem dæmi megi nefna lagið Ég horfi fram á við, þar sem hún fjallar um mikilvægi þess að festast ekki í fortíðinni. „Lagið samdi ég um reynslu mína eftir að hafa orðið fyrir erfiðu áfalli í lífinu. Ég tók meðvitaða ákvörðun um að skilja

það eftir í fortíðinni ásamt fólkinu sem stóð ekki með mér í þeim aðstæðum. Boðskapurinn í laginu er sá að brýna fyrir hlustendum mínum hversu mikilvægt það er að standa með sjálfum sér þrátt fyrir að á móti blási og maður fái ekki endilega þann stuðning sem best yrði á kosið. Oft er best að sleppa tókum á fortíðinni og horfa frekar fram á veginn. Ég trúi því að flestir geti tengt við textann á einn hátt eða annan og dillað sér við lagið í leiðinni.“

Tvöföld fæðing

Annað lag á plötunni er jafnvel enn persónulegra en það ber heitið Hjartsláttur og tileinkar Sjana Rut það frumburði sínum sem væntanlegur er í heiminn með haustinu. „Það má eiginlega segja að ég stefni á tvær fæðingar í september, bæði á plötunni og litla prinsinum, en í laginu Hjartsláttur syng ég til litla krísisins sem við unnusti minn eigum von á í september. Í tilefni af þessum tvöföldu tímamótum stefni ég á útgáfutónleika plötunnar í nóvember en þeir verða haldnir í Salnum í Kópavogi og hefst miðasala þeirra nú í ágúst á tix.is.“




MYNDR: EYPÓR ÁRNASON





KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn
margir litir – margar gerðir



Veggljós



Loftljós



Útiljós



Fá plötuumslög hafa öðlast viðlíka frægð og umslag plötunnar Abbey Road með The Beatles. Umslagið hefur verið stílfært og stælt oftar en nokkuð annað plötuumslag og jafnvel í dag gerir fólk sér ferð á Abbey Road í Lundúnum og lætur mynda sig á gangbrautinni sem Bítlarnir gengu yfir fyrir um 40 árum.

Abbey Road 50 ára

Um þessar mundir á Abbey Road, eitt frægasta plötuumslag tónlistarsögunnar, fjórutíu ára afmæli. Leiða má líkur að því að engin mynd hafi jafnoft verið stæld og stílfærð og sú sem þrýðir umslag Abbey Road.

Engum blöðum er um að fletta að Bítlarnir brutu blað í sögu popptónlistar í fleiri en einum skilningi. Þrátt fyrir að ferskleiki tónlistar þeirra á upphafsárum hljómsveitarinnar hafi lagt grunninn að velgengni hennar má ekki líta framhjá þætti George Martin, upptökustjóra EMI-útgáfunnar, og frábærri markaðssetningu umboðsmannsins Brians Epstein.

En þá er ónefnd sú bylting sem Bítlarnir áttu þátt í og sneri að plötuumslögum og sem fyrr segir er umslag Abbey Road eitt það frægasta.

Everest-sigarettur

Upphaflega átti þessi plata, sem var sú síðasta sem Bítlarnir tóku upp (Let it be var tekin upp á undan, en gefin út síðar), að heita Everest. Hugmyndin var ekki fengin frá hæsta fjalli á jörðu og var öllu jarðbundnari.

Þannig var mál með vexti að Geoff Emerick hljóðmaður reykti Everest-sigarettur og í kjölfarið vaknaði sú hugmynd að kalla plötuna Everest og fljúga með Bítlana til Himalaya-fjallanna og ljósmynda þá við rætur Everest.

Áður en sú hugmynd varð að veruleika snerist Bítlunum hugur og öllu einfaldari hugmynd fæddist; að kalla plötuna Abbey Road eftir hljóðverinu sem hún var tekin upp í og ljósmynda hljómsveitina fyrir framan hljóðver 8. Þess má þó geta

Árangurinn varð hversdagsleg mynd af frægustu tónlistarmönnum heims að ganga yfir götu, en áhrifa ljósmyndarinnar átti eftir að gæta um ókomin ár.

að platan var einnig að hluta tekin upp í Trident- og Olympic-hljóðverunum.

Tíu mínútna vinna

Talið er að Paul McCartney hafi fengið hugmyndina að myndatökunni og John Lennon hafði sambandi við sameiginlegan vin sinn og Yoko Ono, Iain Macmillan og hafði hann tíu mínútur til að klára verk, rétt fyrir hádegi 8. ágúst 1969.

Lögregluþjónn lokaði götunni við gangbrautina og Macmillan tók myndir í gríð og erg, standandi í stiga. „Það var taugastrekkjandi,“ rifjaði Macmillan upp síðar. „Að fá þá til að ganga á réttan hátt var erfitt.“

Árangurinn varð hversdagsleg mynd af frægustu tónlistarmönnum heims að ganga yfir götu, en áhrifa ljósmyndarinnar átti eftir að gæta um ókomin ár.

Lesið í myndina

Til langs tíma hafði tíðkast að lesa dulin skilaboð úr flestu því sem Bítlarnir létu frá sér fara og yrði sennilega of langt mál að tíunda allt sem almenningur gat lesið úr ljósmyndinni sem þrýðir umslag Abbey Road.

En ein kenning var sú að með myndinni væri staðfest að Paul McCartney hefði safnast til forfeðra sinna, kenning sem hafði lifað góðu lífi í nokkur ár. Kenningin byggðist meðal annars á klæðnaði Bítlanna og þeirri

staðreynd að McCartney hélt á sigarettu, var berfættur og ekki í takt við félagasína þrjá.

Hvítklæddur John Lennon átti að vera presturinn, tiltölulega snyrtilegur Ringó Starr var útfararstjórinn, George Harrison í gallafatnaði var grafarinn og Paul, berfættur, með líkkistunagla og úr takti, að sjálfsgöngu líkið.

Berfættur á heitum degi

Skýringin á berum fótum McCartneys var ekki flókin. Þannig var mál með vexti að McCartney hafði fest kaup á húsi sem var rétt handan hornsins við Abbey Road-hljóðverið og átti það til oftar en ekki að bregða sér í hljóðverið eins og hann var þá stundina. Þennan dag vildi svo til að heitt var í veðri og McCartney mætti til myndatökunnar á sandölum og á að minnsta kosti tveimur myndanna sem teknar voru af Bítlunum á gangbrautinni er Paul með sandala á fótum og því um einbera tilviljun að ræða að hann var berfættur á þeirri mynd sem síðan var valin.

Hvað sigarettuna varðar má ætla að um tilviljun hafi verið að ræða og þá frekar að tilviljun hafi ráðið því hinir voru ekki með sigarettu, því oftar en ekki voru þeir reykjandi á ljósmyndum þess tíma.

Dularfullt bílnúmer

Burtséð frá kenningum um dauða McCartneys byggðum á fatnaði getur einnig að líta forlárta Volkswagen-bjöllu á ljósmyndinni. Á númersplötunni má lesa „LMW28IF“ og átti að renna frekari stöðum undir kenningar um dauða Pauls McCartney. Vissulega þarf frjótt ímyndunarfli til að lesa slíkt út úr númersplötunni en ef minni mitt bregst ekki var túlkunin á þessa leið: Live McCartney Would (be) 28 (years) If (he had lived).

Ánægja eiganda bjöllunnar á myndinni hefur án efa verið tvíþent því hann hafði ekki undan að endurnýja númersplötuna eftir að Abbey Road kom út svo oft var henni stolið. Volkswagen-inn var loks seldur á uppboði fyrir 23.000 bandaríkjadali og er nú á Volkswagen-safninu í Wolfsburg í Þýskalandi.


Ekki í fyrsta skipti

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem aðdáendur hljómsveitarinnar fundu staðfestingu fyrir dauða Pauls McCartney með því að túlka plötuumslag. Sú var raunin árið 1967 þegar Sgt Pepper's Lonely Hearts Club Band kom út, en vangaveltur um umslag þeirrar plötu dygðu í aðra grein.

Eitt atriði er ónefnt sem veldur því að þetta „hversdagslega“ plötuumslag er eftirtektarverðara en önnur plötuumslög þess tíma. Það er sú staðreynd að á framhlið umslagsins getur hvergi að líta nafn hljómsveitarinnar eða hljómsveitarinnar og var það á þeim tíma nánast óþekkt eða óþekkt með öllu. Sú hugmynd hefur verið eignuð John Kosh, listrænum yfirmanni Abbey Road-hljóðversins. Reyndar hugnaðist útgáfufélaginu ekki sú hugmynd. „Við seljum aldrei nokkrar plötur ef þú segir okkur ekki um hvaða hljómsveit er að ræða,“ var sagt við Kosh. En í ljósi þess að myndin sýndi fjórmenningana frá Liverpool, The Beatles, frægustu hljómsveit poppsögunnar, reyndust slíkar áhyggjur með öllu óþarfar.



Abbey Road-myndatakan Umslag Abbey Road var uppspretta ýmissa kenninga og hefur verið stælt og stílfært ótal sinnum.





Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



1 SYSTEMS OnePortal Self-Service

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

OnePortal er veftengt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænin innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Helgarkrossgátan

	→	týndi	áhalð		kvendýrið	op	ill	
	matast			ótta föggur				
	kukl							
	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	3	hræðsla mykja				
	reigða					dreng- skapur		
	ella			viðkvæm				
	tina			4	konan	5	feitin	
		↓	henda		bakki beyg			
	marr eirir							
	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	fugl	2 eins	↓	1	gúlpur þvengur	9
snjóþyngsli							eldstæði 8	
fuglar				eyðing		maður		
sólguð			vaxi óskiptar			grimmdin	2 eins auðlind	
		fum	7	anganina			kvæði	
fangaði						álása 2 eins	ilminn	
ílát			sæmd	hamlar trygg				
baksa					spillin			
		hægur skófli			öfug röð		áttund spræna	
eftir			mann- mergð spældar		hrjá		2 eins	
slökkvari				veifan áverki				
	kvendýr 1000 kíló			féll	vikur	skóf	kjafur dropi	
príla						uns	6	stuldur
	2	samtök 2 eins		reglu- dréngir				
fóðrað				vindur				
fanga			spilið			deig	10	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

1	2		3		7		5	
8		4		2		1		
	7	3	4				9	
		9		4			1	
7						9	3	
3	6		2	7		8		
	1	2						
	5	8	9		4	2		
			1			5	8	4

Erfið

3	6			2				1
				8			6	7
4					1			
			1	6	3		7	8
					2		1	5
		9					3	
			2	5	6			
9					4			
1		5		3				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Þorfinnur Finnsson,
Ástúni 2, 200 Kópavogi

Lausnarorðið var **SVEFNSÓFI**
Þorfinnur hlýtur að launum
bókina Barn náttúrunnar
Höfundur: Halldór Laxness



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókinn **Medleigjandinn**

Tiffany Moore þarf að finna sér ódýra íbúð strax. Leon Twomey á íbúð, vinnur næturvinnu og vantar peninga.

Lausnin blasir við: Leon er í íbúðinni á meðan Tiffany er í vinnunni og þegar hún kemur heim er Leon farinn út. Vinir þeirra halda að þau séu gengin af göflunum en þetta er frábært fyrirkomulag – þar til stjórn-samur fyrrverandi kærasti, kröfuharðir skjólstæðingar, fangelsaður bróðir og auðvitað sú staðreynd að þau hafa aldrei hist snýr öllu á hvolf í lífi þeirra.

Höfundar: Berth O'Leary, Halla Sverrisdóttir þýddi

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



1.239 kr/kg

VENJULEGT VERÐ 1.549
20% AFSLÁTTUR!
GILDIR TIL 11. ÁGÚST 2019



143 kr

VENJULEGT VERÐ 179
20% AFSLÁTTUR!
2L
GILDIR TIL 11. ÁGÚST 2019

799 kr
VÍNBER LÍFRÆN
500g



209 kr
REMA 1000
KARTÖFLU STRÁ
125g



2 FYRIR 1 AF FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI



REMA 1000

577 kr

2 FYRIR 1 - 1L
KEYPTU BRÚSA AF FLJÓTANDI
ÞVOTTAEFNI FRÁ REMA 1000
OG FÁÐU ANNAN Í KAUPBÆTI

ÁN OFNÆMISVALDA



SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2



OPIÐ
10:00 TIL 22:00
ALLA DAGA

Spá í skjönnurnar

Afmælisdóttir vikunnar

■ 11. ágúst: **Bragi Ólafsson**, rithöfundur og tónlistarmaður, 57 ára ■ 12. Sveinn Andri Sveinsson lögfræðingur, 56 ára ■ 13. ágúst: **Einar Agúst Víðisson** tónlistarmaður, 46 ára ■ 15. ágúst: **Vigdís Grímsdóttir** rithöfundur, 66 ára ■ 16. ágúst: **Andrés Ingi Jónsson** alþingismaður, 40 ára ■ 17. ágúst: **Björn Ingi Hilmarsson** leikari, 57 ára

Lesið í tarot Steinunnar Ólínu:

Fjársterkur aðili kemur til hjálpar



Leiknonan og athafnasonan Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir hefur farið mikinn í pistlum í Fréttablaðinu undanfarnar vikur. Steinunn liggur ekki á skoðunum sínum og er óhrædd við að gagnrýna allt sem betur mætti fara í samfélaginu. Steinunn getur státað af glæsilegum leiklistarferli og hún ritstýrði Kvennablaðinu við góðan orðstír um nokkurra ára skeið. Við ákváðum því að lesa í tarotspil leikkonunnar og reyna að sjá hvað hún tekur sér fyrir hendur næst.

Steinunni leiðist

Fyrsta spilið sem birtist er 4 bikarar sem tákna ákveðna ládeyðu hjá leikkonunni. Henni finnst hún föst í rútínu og hreint út sagt leiðist. Steinunn er kröfuhörð og tekur því ekki hvaða tilboði sem er. Það hefur ekkert gefandi orðið á vegi hennar síðustu mánuði og þótt það sé gott að vera kröfuharður þá má hún hafa það hugfast að stundum þarf maður að opna augun fyrir tækifærunum. Hún þarf á breytingu að halda.



Kynngimögnuð og sterk

Næsta spil er 7 stafir en það tengist metnaði, áráðni og ákafa Steinunnar. Hún er ótrúleg kona, kynngimögnuð og sterk. Þá nær hún að takast á við erfiðleika með kjarki og ástríðu sem aðrir öfunda hana af. Þessir eiginleikar koma sér vel á næstu vikum því Steinunnar bíður einhvers konar fundur sem gæti breytt lífi hennar. Hún þarf að muna að standa föst á sínu og ekki beygja sig fyrir því sem hún trúir ekki á – þá eru henni allir vegir færir.

Peningamaður gefur völd

Loks er það Sverðkonungurinn, en hann merkir manneskju sem hjálpar Steinunni. Þetta er mikil businessmanneskja og elskar að stjórna. Þetta virðist vera karlmaður frekar en kona. Hann er klár, sjálfstæður og nýjungagjarn. Hann hjálpar Steinunni að láta einhvern viðskiptadraum rætast, en líklegt er að sá draumur verði á listræna sviðinu. Þessi fjársterka hjálparhella mun veita Steinunni mikil völd, ekki aðeins í formi peninga, og mun metnaður þeirra beggja láta þetta viðskiptatækifæri blómstra. ■

Stjörnuspá vikunnar

Gildir 11. til 17. ágúst



Hrútur - 21. mars – 19. apríl

Þú skalt þora að vera hvatvís í þessari viku. Ef þú stekkur á öll spennandi tækifæri gæti það leitt þig í mikil ævintýri og allt aðra átt. Þetta gildir líka í ástarlífinu. Einhleypir hrútar ættu að þora að fara á stefnumót með ólíklegum maka á meðan lofaðir hrútar ættu að finna upp á nýjum leiðum til að krydda kynlífið.



Vog - 23. sept. – 22. október

Þú ert í miklu stuði þessa dagana og vilt hafa eins gaman í kringum þig og mögulegt er. Þú skipuleggur teiti fyrir vini og kunningja til að kveðja sumarið og það gengur líka svona vel. Svo færðu mjög góðan hóp af spennandi fólki í kringum þig í vinnunni sem leggur af stað í vegferð sem á eftir að verða mjög gjöful.



Naut - 20. apríl – 20. maí

Þú skalt reyna að vera eins mikid í frii eftir vinnu og mögulegt er. Ekki taka á þig aukaverkefni heldur einbeittu þér að því að gera eitthvað með fólkinu sem þú elskar. Svo er komið að því að þú bjóðir vinnuhópnum í mat – eitthvað sem hefur setið á hakanum. Drífðu í því!



Sporðreki - 23. október – 21. nóvember

Þú ert búin/n að ganga með snúðuga viðskiptahugmynd í maganum í talsverðan tíma og nú er loksins komið að því að þú fái tækifæri til að láta hana verða að veruleika. Þú skalt kýla á það og ekki hugsa þig tvisvar um – þetta gæti orðið til þess að þú græddir fullt af peningum.



Tvíburi - 21. maí – 21. júní

Þú ert að ganga í gegnum mikla umbrotatíma og allir hafa skoðanir á þeirri leið sem þú hefur valið þér að fara í lífinu. Þú mátt hins vegar ekki hlusta á allar þessar skoðanir því þá missir þú vitið. Hins vegar gæti þetta verið góður tími til að játa eigin veikleika og viðurkenna að þú þarft aðstoð.



Bogamaður - 22. nóvember – 21. desember

Það er enginn fullkominn – ekki þú heldur. Þú hefur ofboðslega miklar áhyggjur af því þessa dagana að þú valdir fólkinu í kringum þig vonbrigðum. Í guðanna bænum ekki hafa áhyggjur af því þar sem þú gera sér allir grein fyrir því að þú ert ekki fullkomin/n – þótt þú sért ansi nálægt því.



Krabbi - 22. júní – 22. júlí

Vá, vá, vá! Hjá krabbanum er allt að gerast í ástarlífinu þessa vikuna. Nú gæti logi verið tendraður sem á eftir að lifa lengi í – ef þú hugsar um hann. Lofaðir krabbar eiga líka mjög spennandi viku í vændum með nóg af rómantík, kertaljósunum, góðum mat og nautnakossum.



Steingeit - 22. desember – 19. janúar

Þú ert að keppast um eitthvað starf sem þig langar mikid í. Því leggur þú gifurlega hart að þér svo fólk taki eftir þér. Þú hvetur einnig fólkið í kringum þig og býrð til skemmtilegt andrúmsloft hvert sem þú kemur. Sambandið við fjölskylduna er afar gott og þú nærð að ná góðu jafnvægi á milli þessarar miklu vinnu og einkalífsins.



Ljón - 23. júlí – 22. ágúst

Þú þarft virkilega að fara að einbeita þér að þér sjálfri/sjálfum, elsku ljón. Þú lætur svolítið ganga yfir þig þótt þú sért með bein í nefinu. Vertu órlítið sjálfsselsk/ur og skráðu þig til dæmis á kvöldnámskeið til að eyrmerkja tíma fyrir sjálfa/n þig. Ef þú ert óviss með eitthvað í lífinu skaltu tala um það – ekki bara velkjast áfram í vafa.



Vatnsberi - 20. janúar – 18. febrúar

Fyrir einhleypa vatnsbera verður línan á milli vina og elskhuga ansi þunn. Þetta gæti komið bæði þér og góðum vini þínum á óvart, en stundum sér vatnsberinn bara ekki skóginn fyrir trjánum. Auðvitað byrjar þú að efast um að þetta sé góð hugmynd en slepptu því og láttu á það reyna.



Meyja - 23. ágúst – 22. sept.

Þetta er mjög tilfinningarík vika fyrir meyjuna. Það er grunnt á alls kyns tilfinningum sem þú hefur troðið mjög langt niður í einhvern tíma. En nú er komið að skuldadögum og meyjann opnar sig loksins um það sem er að angra hana. Sem betur fer á hún góða að sem nenna að hlusta og vera til staðar.



Fiskur - 19. febrúar – 20. mars

Þér gengur svakalega vel í vinnunni og nærð hverju markmiðinu á færur öðru. Þetta verður til þess að þig langar að bæta við þig menntun og þú byrjar að skoða hvort það sé raunhæfur möguleiki á næstunni. Þetta gæti verið upphafið að einhverju stórkostlega skemmtilegu og gefandi.

Svona eiga þau saman



Ástarörvar hittu Línu og Elmar

Á hrifavaldurinn Lína Birgitta Sigurðardóttir frumsýndi nýjan kærasta fyrir fáeinum dögum. Sá heppni heitir Elmar Örn Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Bauhaus og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Costco. Talsverður aldursmunur er á þarinnu – Lína er 28 ára og Elmar 41 árs, en hvernig eiga þau saman? Lína er fiskur og Elmar er hrútur. Þessi tvö merki geta verið mjög góð hvort fyrir annað, þó að þau virðist vera ólíklegt par á yf-

irborðinu. Hrúturinn gengur hreint til verks á meðan fiskurinn býr yfir miklu og góðu inn-sæi. Þegar kostir beggja merkja eru settir saman geta orðið kraftaverk og sterkt samband getur myndast. Hrútur er eldmerki og fiskurinn vatnsmerki. Þess vegna geta þessi tvö merki oft valdið hvort öðru ama í ástarsambandi, en ef þau ná að taka hvort annað í sátt, með öllum kostum og göllum, þá verður framtíðin björt. ■

Lína Birgitta

Fædd: 6. mars 1991

Fiskur

- Samúðarfull
- Listræn
- Blíð
- Gáfuð
- Píslarvottur
- Treystir of mikið

Elmar Örn Guðmundsson

Fæddur: 28. mars 1978

Hrútur

- Hugrakkur
- Ákveðinn
- Bjartsýnn
- Hreinskilinn
- Óþolinmóður
- Árásargjarn

Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

YFIRHEYRSLAN

Sara Mjöll Magnúsdóttir er ungur og upprennandi djasspíanóleikari og tónskáld sem hefur verið áberandi í djasstónlistarsenu Reykjavíkur undanfarnin misseri. Hún hefur komið fram víða um borgina sem og á hátíðum svo sem Jazzhátíð

Reykjavíkur og Jazzhátíð Austurlands. Hún hefur einnig starfað sem píanó-kennari við skólann Tónsali síðastliðin ár. Í haust leggur Sara Mjöll land undir fót og hefur nám í djasspíanóleik við William Paterson University í New Jersey í Bandaríkjunum.

Hvar líður þér best?

Á sólarströnd eða uppi í sófanum hjá mömmu og pabba.

Hvað óttastu mest?

Áð allur heimurinn breytist í frauðplast.

Hvert er þitt mesta afrek?

Áð halda áfram þegar á móti blés.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Líklega þegar ég spilaði djass fyrir fáklætt fólk úti í fimm stiga frosti í Nauthólsvík í janúar. Gigg-ið var bara 20 mínútur en seinustu 5 mínúturnar, þegar fingurnir höfðu breyst í ísmola, voru þær erfiðustu sem ég hef upplifað við píanóið.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Konan sem elskaði jazz og hataði frauðplast.

Hvernig væri bjórin Sara Mjöll?

Hann væri bara Einstök White Ale með nýjum miða, má það ekki?

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Ég trúi því að Katrín Tanja crossfit-drottning hafi verið að tala beint til mín þegar ég heyrði hana segja í viðtali: „ef maður gerir það sem maður elskar og gefur allt í það, þá mun allt fara vel að lokum“. Þetta varð ákveðin mantra fyrir mig enda alveg satt.



Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Áð þrifa niðurfallið á sturtunni.

Besta bíómynd allra tíma?

Stella í orlofi.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Ég dáist að fólk sem hefur hæfileikann til að draga það besta fram í öllum.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Ætli það sé ekki bara að hætta í vinnunni, flytja úr samfélagi þar sem ég fæ nóg að gera og flytja til annars lands þar sem ég þekki engann og elta drauminn. Annars keypti ég líka verðbréf árið 2007 þegar ég var 13 ára. Good times.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

„Þetta gerði daginn minn“. Ljótasti beinþýddi frasi sem til er.

Hvaða getur þú sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta að veita þér?

Þegar einhver býður mér kóku eða eitthvert bakkelsi.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Á döfinni er að undirbúa flutninga til Bandaríkjanna, spila nokkur gigg, vonandi fara í eina útilegu og hafa það gott með vinum og vandamönnum.



Lífið er gott. Skjaskot: Instagram


Hafdís Huld eignast dreng

Tónlistarkonan Hafdís Huld Þrastardóttir og eiginmaður hennar, Alisdair Wright, eignuðust dreng þann 23. júlí síðastliðinn. Þetta er annað barn þeirra hjóna, en fyrir eiga þau dótturina Arabellu, sex ára, sem var að vonum spennt að verða

stóra systir. Undir þessa fallegu mynd, sem Hafdís Huld birti á samfélagsmiðli sínum, skrifar hún: „Our gorgeous baby boy born on July 23rd. seeing Arabella holding her brother and singing him lullabies is the most beautiful thing I can imagine. Life is good.“ ■

Börnin á baki Bubba

Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens birti á dögnum mynd af nýjasta húðflúri sínu en hann hefur komið nöfnum barna sinna fyrir í lóðréttri röð niður eftir hryggjarsúlu sinni. Alls á Bubbi sex börn en fyrr í sumar eignaðist hann jafnframt sitt fyrsta afa-barn sem fékk þó ekki að fljóta með í nafnalengjuna. Þrátt fyrir að vera maður margra orða var Bubbi að þessu sinni stutt-orður því myndina merkti hann einfaldlega með myllumerkinu: „Nöfnin“. ■



Nýjasta húðflúr Bubba. Skjaskot: Instagram.



Geggjuð frumsýning! Skjaskot: Instagram.



María Birta leikur nunnu

Leikkonan María Birta Bjarnadóttir greindi á dögnum frá því að hún færi með hlutverk nunnu í sýningunni Atomic Saloon sem gengur fyrir fullu húsi í Edinborg í Skotlandi. „Frum-sýningin var geggjuð!!! Ég er svo glöð að ég er svífandi um á

bleiku skýi. Hlakka til að sýna í kvöld og á morgun og hinn og hinn...“ Með færslunni lætur leikkonan fylgja að ferðalagið hafi verið frábært og hún hafi aðeins fengið hné í andlitið og fengið óteljandi hnefahögg víða um líkamann meðan á ferlinu stóð. ■



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

8 hinsegin kvikmyndir sem þú verður að sjá

Hinsegin dagar eru í fullum gangi þessa dagana og af því tilefni erum við öll hinsegin og fögnum fjölbreytileikanum.

En hvernig hefur kvikmyndasagan fjallað um og talað til hinsegin hópa?

Hvaða gullmolar standa upp úr og hvers vegna? Könnum það.


The Adventures of Priscilla, Queen of the Desert (1994)

Vegamyndir kvikmyndasögunnar eru jafn margar og þær eru mismunandi, en fáar eiga séns í stuðið sem prýðir ferðalag þeirra Bernadette (Terrence Stamp), Mitzi (Hugo Weaving) og Feliciu (Guy Pearce) um eyðimerkurlandslag Ástralíu. Tilgangur ferðalagsins er að sýna hvað í þeim býr með sturlaðri dragsýningu. Priscilla er einfaldlega allt sem hún þarf að vera; fyndin og skemmtileg og bríeykið er alveg í essinu sínu.



Carol (2015)

Það er erfitt að sogast ekki inn í þessa vönduðu og fallegu kvikmynd, sem byggir á skáldsögunni The Price of Salt eftir Patricia Highsmith frá 1952. Titilpersónan er leikin af kjarnaleiknonunni Cate Blanchett og unga konan sem hún hrífir af, Therese, er leikin af Rooney Mara – og báðar eru hreint út sagt gallalausar í hlutverkum sínum. Myndin er hvort tveggja dáleiddandi ástarsaga og merkileg hugleiðing um stöðu samkynhneigðra kvenna, sem voru nær ósýnilegar í samfélaginu á þessum tíma.



Bound (1996)

Eflaust er einhverjum kunnugt hverjir Wachowski-bræðurnir voru (sem urðu svo Wachowski-systkinin og að lokum systurnar). Tvíeykið malaði gull með Matrix-þrileiknum en skömmu áður en þær vinsældir komu, útbjó það lítinn en þrælspennandi trylli þar sem kemistrian lak af þeim Ginu Gershon og Jennifer Tilly. Blanda af ástarsögu, svikamyllu og spennumynd í sigildrum Hitchcock-stíl, Bound ætti að halda þér í heljargreipum.



Weekend (2011)

Raunsæ og ótrúlega hrifandi saga um samband tveggja ungra Breta. Leikurinn í myndinni er nánast eins og hann sé spunninn á staðnum en það gefur myndinni hversdagslegan og öflugan keim. Weekend fjallar einnig almennt um upplifun og sambönd samkynhneigðra manna af miklu innzá og einlægri ofan á það. Einföld en gríðarlega marglaga kvikmynd.



La vie Adèle / Blue is the Warmest Color (2013)

Ást. Uppgötvun. Proski. Mistök. Sundrun. Minningar. Það er fjári margt sem Blue is the Warmest Color tekst á við úr hinum súrsæta hversdagsleika og bótt hundlöng sé (þrjú tímar eða svo) breytir hún áhorfandanum í flugu á vegg í lífi þeirra Adèle og Emmu. Firnasterk frammistaða skjáparsins, persónuleikar þeirra og viðtengjanlegar tilfinningar beggja halda öllu gangandi.



Hedwig and the Angry Inch (2001)

Rocky Horror er svo sannarlega ekki eini „költ-rokksöngleikurinn“ um leitina að hinu sanna sjálfi. Hedwig and the Angry Inch inniheldur skemmtilega tónlist með enn betri textum og fer John Michael Cameron – leikstjóri, handritshöfundur og aðalleikari myndarinnar – heldur betur á kostum. Cameron gæðir Hedwig dýpt, reisn, hómor og kynþokka og er mælt með að þessari sé gefinn séns, í fyrsta sinn sem á ný.



Tangerine (2015)

Rafrögnuð, lifandi og frumleg. Tangerine fjallar um transvændiskonuna Sin-Dee sem hefur leit um alla Los Angeles að dólgnum Chester sem hélt framhjá henni meðan á mánaðarlangri fangelsisdvöl hennar stóð. Myndin er öll tekin upp með iPhone 5-snjallsíma en það sést ekki að fyrri bragði. Andrúmsloftið angar af fallegri litadýrd og má dást að orku leikstjórans, Seans Baker, við stjórnvöllinn (en Baker gerði seinna meir hina þrumugóðu The Florida Project) og ekki síður persónanna sem söguna prýða.

The Birdcage (1996)

Gleði, drag, vandræðalegheit, gamanleikarar í góðu stuði og einhver hressasti tengdóhittingur sem sögur fara af. The Birdcage býr yfir hjarta-hljújum mórál og tekur fyrir umbráðarþyngni, skilning og hreinlega syndir í æðislegri dýnamík leikhópsins. Um er að ræða endurgerð á frönsku myndinni La Cage aux Folles og um leið sjaldgæfan fjársjóð þar sem endurgerðin er betri en frummyndin.



FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallett og gæðalegt útlit í samræmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.



SUMARTILBOÐ

Xupport Plus Inspiration
yfirdýna fylgir frítt með öllum
sérpöntuðum rúmum í sumar.

(t.d. stærð 180x200cm að
verðmæti 236.000 kr.)

Gildir til 13. ágúst.

DUXIANA
Ármúla 10
☎ 568 9950
duxiana.is

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður



Netavisen gefur 9,1 af 10 mögulegum

Nú styttist í að sjónvarpsþáttaserían *Beforeigners* verði frumsýnd hér á landi en norskir áhorfendur fengu smjörþef af seríunni fyrir stuttu. Leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir fer með stórt hlutverk í þáttunum og segir á Facebook-síðu sinni vera þínu fof að Norðmenn hafi séð seríuna á undan henni. Íslenskir áhorfendur geta þó beðið spenntir því Netavisen í Noregi gefur þáttunum 9,1 af 10 mögulegum en þetta er í fyrsta skipti sem HBO framleiðir sjónvarpsþátt á Norðurlandtungumáli. Þættirnir verða sýndir um heim allan en alls fóru þrjú hundruð leikkonur á Norðurlöndum í prufu fyrir hlutverkið sem Ágústa Eva hreppti. Hún segir norskukunnáttu sína vafalaust hafa hjálpað, en hún er jafnframt fimur slagsmálhundur eftir að hafa æft bardagaíþróttir um langa hríð. Sagan gerist í Noregi og er að sögn Ágústu Evu ádeila á flóttamanna-vandann. Í þáttunum er töluð fornnorska sem líkist íslensku en Ágústa Eva segir seríuna vísindaskáldsögu sem hefjist þegar fólk frá víkingatímanum birtist upp úr sjónum og hefur líf með nútímafólki.



Stærsta sviðslistahátíð í heimi

Uppistandarinn Snjólaug Lúðvíksdóttir er um þessar mundir stödd í Edinborg þar sem hún tekur þátt í stærstu sviðslistahátíð í heimi. Þar kemur hún fram 24 sinnum og segir hún hátíðina fara vel af stað. „Þetta er frumraun mín á vegum Fringe Festival og í fyrsta sinn sem uppistandari heldur eigin sýningu sem er lengri en 50 mínútur. Ég er í samstarfi við fyrirtæki að nafni Gilde Balloon sem er langstærsta grínbatteríð hér í Skotlandi. Ég stoppa hér í 26 daga og er með sýningu nánast á hverju kvöldi. Það getur verið stressandi en hefur gengið vel ef frá er talin ein sýning þar sem aðeins þrjú áhorfendur mættu í salinn. Ætli það sé ekki eitthvað sem allir uppistandarar verða að ganga í gegnum.“




Vatn er líf og lífið er lyf

Krummi hefur verið iðinn við kolann síðustu ár í tónlistinni en hann steig fyrst fram á sjónarsviðið með hljómsveitinni Mínus. Eftir það lá leiðin til hljómsveitarinnar Legend, en einnig hefur hann unnið með fólki á borð við Daniel Ágúst úr GusGus í hljómsveit sem kallast Esja og nú nýverið með kærustu sinni, Linnea Hellström, og Frosta Gringo í bandinu Döpur. Krummi hefur nú snúið sér alfarið

að eigin efni en í haust sendir hann frá sér sína fyrstu sólóplötu í gegnum Öldu Music. Fyrsta lagið sem hann kynnr til leiks nefnist *Stories To Tell* og er samsuða af kántrí, blús, folk, rokki og róli. Sjálfur segist Krummi þrúa að finna innri ró og platan sé tilraun til þess. „Þetta lag fjallar um að trúa á eigin getu og skoða vandlega það viðhorf sem maður hefur til sjálfs sín og þess sem maður gerir og hvernig það hefur áhrif líðan og

hegðun. Með laginu langar mig að opna mig fyrir þessu góða í lífinu og upplifa innri ró. Leyfa frjálsu flæði lífsins að vera við stjórnvölinn og skrifa mínar eigin lífsins sögur. Þiggja og hafna án eftirsjár. Vatn er líf og lífið er lyf. Hvort það sé gott eða slæmt lyf er undir okkur komið.“






SSANGYONG

REXTON

Bestu kaupin 2019*



SSANGYONG REXTON

- 181 hestöfl
- Byggður á grind
- 7 manna
- 420 Nm
- Millikassi með
- 7 þrepa sjálfskipting
- Dísel vél
- læsingu og lágu drifi
- Sjálfstæð fjöðrun að aftan

4x4

(5)
Fimm ára ábyrgð

Bestu kaupin 2019*

Verð frá:
6.990.000 kr.

benni.is

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum